



# **Samanburður á íslenskum ársreikningalögum og alþjóðlegum reikningskilastöðlum**

Arnór Kristinn Hlynsson  
Sæunn Snorradóttir Sandholt

B.Sc. í viðskiptafræði

Vor 2015  
Leiðbeinandi:  
Unnar Friðrik Pálsson

Arnór Kristinn Hlynsson  
Kt. 291192-2709  
Reikningshald og endurskoðun  
Sæunn Snorradóttir Sandholt  
Kt. 190792-2509  
Reikningshald og endurskoðun



## **Formáli**

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.Sc gráðu í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og telur 12 ETCS einingar. Verkefnið var skrifað á tímabilinu desember 2014 til maí 2015. Verkefnið var unnið af Arnóri Kristni Hlynssyni og Sæunni Snorradóttur Sandholt.

Leiðbeinandi þessa verkefnis var Unnar Friðrik Pálsson, löggiltur endurskoðandi og fær hann bestu þakkir fyrir faglega handleiðslu og dyggan stuðning við gerð þessa verkefnis.

Reykjavík, 15. maí 2015

---

Arnór Kristinn Hlynsson

---

Sæunn Snorradóttir Sandholt

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	1
Inngangur .....	2
Íslensk ársreikningalög .....	3
Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar .....	4
Ársreikningur .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Uppsetning ársreiknings.....	7
Ísland og IFRS .....	8
Aðferð 1 .....	9
Úr íslenskum ársreikningalögum í IFRS.....	9
Pátttakendur .....	9
Mælitæki .....	10
Framkvæmd .....	10
Niðurstöður .....	10
Rekstrarreikningur .....	11
Efnahagsreikningur .....	17
Skýringar.....	19
Umræður .....	22
Aðferð 2 .....	23
Samanburður regluverka innan sömu atvinnugreinar .....	23
Pátttakendur .....	24
Mælitæki .....	24
Framkvæmd .....	24
Niðurstöður - N1 og Olís .....	25

Rekstrarreikningur .....	25
Efnahagsreikningur .....	27
Skýringar .....	27
Niðurstöður – HB Grandi og Samherji .....	29
Rekstrarreikningur .....	29
Efnahagsreikningur .....	30
Skýringar .....	30
Umræða .....	31
Aðferð 3 .....	32
Samanburður á IFRS innan sömu atvinnugreinar .....	32
Þátttakendur .....	33
Mælitæki .....	33
Framkvæmd .....	34
Niðurstöður – Skipti hf og Fjarskipti hf .....	34
Rekstrarreikningur .....	34
Efnahagsreikningur .....	36
Skýringar .....	37
Niðurstöður – Eik hf og Reginn hf .....	38
Rekstrarreikningur .....	38
Efnahagsreikningur .....	39
Skýringar .....	40
Umræður .....	40
Sjóðstreymisyfirlit .....	42
Upplýsingamengun .....	43
Beiting IFRS í fyrsta sinn .....	44
Skýringar settar af IFRS .....	45
Almennar skýringar .....	46

Rekstrarskýringar .....	46
Efnahagsskýringar.....	47
Tenging viðeigandi upplýsinga.....	47
Könnun á vegum IASB (e. international accounting standard board).....	49
Starfsþáttayfirlit .....	50
Áhættustýring.....	51
Eiginfjáryfirlit .....	53
Kennitölur .....	54
Lokaorð.....	54
Heimildaskrá.....	58

## **Myndayfirlit**

Mynd 1: Gangvirðisbreyting færð í gegnum rekstur .....	15
Mynd 2: Áhrif gangvirðisbreytingar á rekstrarniðurstöðu.....	15
Mynd 3: Þróun á heimsmarkaðsverði á áli. (Index mundi, 2015) .....	16
Mynd 4: Þróun innbyggðra afleiða .....	18
Mynd 5: Hvar leynist vandamálið. (IASB/Where in the annual report is the problem located?, 2013) .....	49
Mynd 6: Of mikið af óþarfa upplýsingum. (IASB/Too much irrelevant information,2013)...50	

## **Töfluyfirlit**

Tafla 1: Gildissvið alþjóðlegu staðlanna.....	5
---	---

## Útdráttur

Tilgangur þessa verkefnis er að kanna þann mun sem að liggur á milli íslenskra ársreikningalaga og alþjóðlegra staðla. Þá er leitast eftir því að skoða hvort regluverkið gefi gleggri mynd af stöðu félaga. Þá verður kannaður sá munur sem kann að liggja á milli regluverkanna. Út frá því verður hægt að kynnast því nánar hvaða áhrif slíkur mismunur kann að hafa á niðurstöður ársreikninga og í hvaða birtingaformi hann lýsir sér. Talið er að um einhvers konar upplýsingamengun sé að ræða þegar fyrirtæki tileinka sér alþjóðlega staðla við reikningsskil. Slík upplýsingamengun lýsir sér í formi mikils upplýsingaflæðis sem nýtist lítið. Tilgangur verkefnisins er einna helst að öðlast djúpan skilning á hvorri aðferð fyrir sig og að ná tökum á þeim mismunandi vinnubrögðum sem beita má eftir hverju regluverki. Niðurstöður leiddu í ljós að þó nokkurn mun er að finna á milli regluverka. Eins bendir margt til þess að upplýsingamengun er í ársreikningum gerðum í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana. Þóttu þó alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir gefa gleggri mynd af stöðu félags þegar upp var staðið.

## Inngangur

Árið 2005 markaði nýja tíma í sögu viðskiptaumhverfis innan Evrópusambandsins. Það ár var í fyrsta sinn gerð krafa um að skráð félög á hlutabréfamarkaði skyldu gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þar á meðal gekk þessi krafa yfir félög á Íslandi. Þegar þessi krafa var sett vöknudu upp efasemdir um slíka innleiðingu (Armstrong, Barth, Jagolinzer, og Riedl, 2010). Hinn helsta efasemd sem að rædd var er sú hvort að beiting staðlanna yrði ójöfn og túlkun mismunandi á milli ríkja. Þá hefur einnig verið rætt að þegar einungis einn aðili sér um útgáfu og breytingar á regluverkinu gæti það valdið stöðnun í nýsköpun og framþróun regluverksins, þar sem að enginn samkeppni er til staðar. Einnig hefur verið rætt hvers kyns eftirfylgni ætti að vera er varðar rétta notkun staðlanna. Fram til dagsins í dag hefur verið sterk samstaða meðal aðildarríkja er varðar alþjóðlegt eftirlit (Davidson, 2005). Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum ber ársreikningaskrá að framfylgja eftirliti um notkun alþjóðlegra staðla hér á landi. Ársreikningaskrá byggir eftirlit sitt á samstarfi við ESMA (e. european securities and markets authority) (Halldór Ingi Pálsson, sérfræðingur Ársreikningaskrá, munnleg heimild, símtal, 6. maí 2015). Mikil ádeila hefur skapast um hvort að betra sé að fylgja alþjóðlegu regluverki eða hvort sérstakar reikningsskilareglur ættu einungis að gilda í hverju ríki fyrir sig. Í kjölfar fyrrgreindra upplýsinga var ákveðið að skoða þetta efni nánar. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu:

*Hvort gefa íslensk ársreikningalög eða alþjóðlegir staðlar gleggri mynd af stöðu félags?*

Uppbygging ritgerðarinnar verður með því móti að byrjað er að fara yfir hin helstu hugtök sem notuð eru í verkefninu. Ásamt því er farið yfir sögu regluverkanna beggja. Þá er aðferðarkafli verkefnisins þrískiptur. Í fyrstu aðferð er skoðað eitt félag sem fer frá því að gera ársreikning sinn samkvæmt íslenskum ársreikningalögum yfir í hina alþjóðlegu staðla og áhrif innleiðingarinnar skoðuð. Í næstu aðferð eru borin saman félög sem að starfa í sömu atvinnugrein en gera ársreikninga sína samkvæmt sitt hvoru regluverkinu. Að lokum eru borin saman félög sem starfa innan sömu atvinnugreinar og gera bæði ársreikninga sína í samræmi við hina alþjóðlegu staðla. Talið er að með þessari þrískiptu nálgun fáiast víðtæk sýn á málefnið og niðurstöður muni gefa sem gleggsta mynd á rannsóknarspurninguna.



## Íslensk ársreikningalög

Á Íslandi er mikill meiri hluti fyrirtækja sem skilar ársreikningi sínum samkvæmt ársreikningalögum (Ríkisskattstjóri, 2013). Lög um ársreikninga tóku fyrst gildi á Íslandi þann 1. janúar 1995 en þau voru endurútgefin þann 26. janúar 2006. Lög nr.3/2006 fjalla um ársreikninga og kveða þau á um almenn ákvæði og aðrar forsendur þeirra. Lögin hafa tekið ýmsum breytingum á þeim tíma sem þau hafa verið í gildi en þykja þó að margra mati ekki hafa fylgt þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað á íslensku viðskiptaumhverfi síðastliðin ár. Megin tilgangur laganna er að veita leiðbeiningar um þær lágmarkskröfur sem þarf að fylgja þegar gerður er ársreikningur. Í lögunum er meðal annars fjallað um flokkun og uppsetningu á efnahags- og rekstrarreikningi ásamt sjóðstreymi. Þar er einnig farið yfir grunnforsendur ársreikninga sem og þær reglur sem notast skal við er kemur að mati eigna og skulda viðkomandi félags. Þá er farið í gegnum þær helstu skýringar sem að félögum ber skylda að tilgreina í lok ársreiknings. Eins er fjallað um kröfu er varðar þær upplýsingar sem skýrsla stjórnar þarf að lágmarki að innihalda. Þá kemur fram við hvaða skilyrði félagi ber skylda til þess að semja samstæðureikning og á hvers lags móti hann skal vera. Einnig er fjallað um hvenær birta skal ársreikning og þann tímaramma sem félög hafa. Í lögunum er reglulega vísað í settar reikningsskilareglur en skilgreiningin á þeim eru reglur Reikningsskilaráðs og alþjóðlegir staðlar. Að lokum fjalla lögin um það í hvaða tilvikum félög þurfi að gera reikningsskil sín í samræmi við hina alþjóðlegu reikningsskilastaðla. Þá er farið yfir það hvenær breytingar á þeim taka gildi í íslenskum lögum og með hvers lags móti samþykktir á þeim eru gerðar (*Lög um ársreikninga nr. 3/2006*).

## Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Stofnun alþjóðlegra reikningsskilastaðla (e. international financial reporting standards), hér eftir IFRS Foundation, eru í höndum 22 aðila. Hlutverk þeirra er að sjá um að skipa í allar þær nefndir sem fylgja því að setja fram reglur og viðmið sem gefin eru út á vegum IFRS Foundation. Þar má nefna að nefndirnar samþykkja reglur alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, allar breytingar sem verða á þeim ásamt öðrum álíka málsgögnum svo sem huglægum staðlatúlkunum (e. conceptual framework for financial reporting), birtingum tillagna og annarra umræðuskjala. .

Markmið IFRS Foundation er fjórþætt. Þar er fyrsta markmið að þróa, í hag almennings, hágæða, auðskiljanlega og framfylgjanlega reikningsskilastaðla sem eru samþykktir á heimsvísu. Í öðru lagi að stuðla að notkun staðlanna. Til þess að uppfylla hin fyrstu tvö markmið þarf að taka tillit til mismunandi stærðar og tegunda aðila í hinu fjölbreytta efnahagslífi heimsins. Að lokum á stuðla að og auðvelða upptöku IFRS staðlanna, hjálpa við túlkun staðlanna og finna samleitni milli IFRS og staðla heimalands. (IFRS Foundation, 2014)

Hinir alþjóðlegu staðlar hafa tekið á sig ýmsar breytingar frá því að þeir voru fyrst gefnir út. Upprunalega hét stofnunin sem að gaf staðlanna út IASC (e. international accounting standards committee). Þeir staðlar sem að gefnir voru út af IASC bera heitið IAS (e. international accounting standards). Stofnunin breytti síðar meir heiti sínu í IASB (e. international accounting standards board). Samhliða þeirri nafnbreytingu ákvað IASB að framvegis myndu nýjir staðlar bera nafnið IFRS (e. international financial reporting standards). Staðlar IFRS eru í heildina 12 talsins og fjalla um reglur er varða reikningsskil félaga. Staðlar IAS eru 28 talsins en þar snýr umfjöllun nánar að færslu reikningsliða í bókhaldi félags. Hér fyrir neðan má finna töfluyfirlit yfir útgefna alþjóðlega staðla og gildissvið þeirra (International Accounting Standards Board [IASB], 2014). Einungis er hér að finna yfirlit yfir reikningsskilastaðlana en taka skal fram að IASB gefur einnig út annað efni sem telst vera hluti af alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.

Tafla 1: Gildissvið alþjóðlegu staðlanna

Staðall	Gildissvið	Staðall	Gildissvið
IFRS 1	Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla	IAS 17	Leigusamningar
IFRS 2	Eignarhlutatengdar greiðslur	IAS 18	Reglulegar tekjur
IFRS 3	Sameining fyrirtækja	IAS 19	Starfskjör
IFRS 4	Vátryggingar samningur	IAS 20	Færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð
IFRS 5	Fastaffjármunir sem haldið er til sölu og aflögð starfsemi	IAS 21	Áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðli
IFRS 6	Leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim	IAS 23	Fjármagnskostnaður
IFRS 7	Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf	IAS 24	Upplýsingar um tengda aðila
IFRS 8	Starfsþættir	IAS 26	Reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða
IFRS 10	Samstæðureikningsskil	IAS 27	Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil
IFRS 11	Sameiginlegt fyrirkomulag	IAS 28	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum
IFRS 12	Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum	IAS 29	Reikningsskil í hagkerfi þar sem að óðaverðbólga ríkir
IFRS 13	Gangvirðismat	IAS 32	Fjármálagerningar: Framsetning
IAS 1	Framsetning reikningsskila	IAS 33	Hagnaður á hlut
IAS 2	Birgðir	IAS 34	Árshlutareikningsskil
IAS 7	Yfirlit um sjóðstreymi	IAS 36	Virðisrýrnun eigna
IAS 8	Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur	IAS 37	Reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og eignir
IAS 10	Atburðir eftir dagsetningu efnahagsreiknings	IAS 38	Óefnislegar eignir
IAS 11	Verksamningar	IAS 39	Fjármálagerningar: Færsla og mat
IAS 12	Tekjuskattar	IAS 40	Fjárfestingaeignir
IAS 16	Varanlegir rekstrarfjármunir	IAS 41	Landbúnaður

## Ársreikningur

Ársreikning skal setja upp af félagi fyrir hvert reikningsár en það skal miðast við 12 mánuði. Ársreikningurinn skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé félags fyrir hvert reikningsár. Ekki er samræmi á milli þess hvað felst í íslenskum ársreikningalögum á mót við IFRS. Annars vegar stendur í íslenskum ársreikningalögum að ársreikningur skuli innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, skýrslu stjórnar og skýringar. Hins vegar segir IFRS að ársreikningur skuli samanstanda af rekstrarreikningi ásamt annarri heildarafkomu en þar skal sýna tekjur og gjöld sem færast beint á eigið fé, efnahagsreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum eftir því sem að við á. Þrátt fyrir það að íslensk félög geri reikningsskil sín í samræmi við IFRS skal ársreikningur þeirra einnig innihalda skýrslu stjórnar en það ákvæði er einungis að finna í íslenskum ársreikningalögum. Samkvæmt 93. gr. íslenskra ársreikningalaga er þeim félögum sem að

beita IFRS skylt að fylgja íslensku ársreikningalögum fyrir þau atriði sem að ekki koma fram í IFRS. Staðlarnir ganga þó framur íslenskum ársreikningalögum ef þeir mæla fyrir um sama efni (*Lög um ársreikninga*).

### **Rekstrarreikningur**

Afkoma félags er sett fram í rekstrarreikningi en þar skal taka fram þær tekjur og þau gjöld sem að félagið hefur orðið fyrir á árinu. Gæta skal varkárni við mat einstakra reikningsliða sem settir eru fram í rekstrarreikningi félags. Þar ber að færa einungis þær tekjur rekstrarársins sem að áunnar eru fyrir lok reikningsársins. Ef að til tekna hefur ekki verið unnið en greiðsla vegna þeirra hefur borist fyrir lok reikningsársins ber félagi að færa slíka greiðslu á meðal skulda. Þá þarf að sama skapi að horfa til þeirra gjaldaliða sem að falla til á reikningsárinu. Passa þarf að færa öll þau gjöld sem eiga sér stað á tímabilinu meðal kostnaðar án tillits til þess hvenær kostnaðurinn skuli greiddur. Þó ber að nefna að tekjur og gjöld geta líka fallið til án þess að um greiðslur sé að ræða má þar sem dæmi nefna afskriftir og matsbreytingar (Wild, Subramanyam og Halsey, 2007). Þær eignir sem teljast til varanlegra rekstrarfjármuna og nýtast einungis í takmarkaðan tíma skal afskrifa á nýtingartíma þeirra og færa til gjalda á rekstrarreikning með kerfisbundnum hætti í samræmi við notkun. Í íslenskum ársreikningalögum segir reyndar í 23. gr. að afskrifa skuli á áætluðum endingartíma fjármunarins, þar er þó að öllum líkindum meiningin að um nýtingartíma sé að ræða (*Lög um ársreikninga*).

### **Efnahagsreikningur**

Efnahag félags er lýst í efnahagsreikningi en hann á að sýna eignir, skuldir og eigið fé félags. Eignir skal færa inn á efnahagsreikning þegar félag getur metið virði þeirra með áreiðanlegum hætti og líklegt þyki að félagið hafi af þeim fjárhagslegan ávinning. Eignir eru flokkaðar í fastafjármuni og veltufjármuni. Fastafjármunir eru þær eignir sem félag sér fram á að halda á meðal eigna sinna lengur en næstu 12 mánuði ársins. Sem dæmi um fastafjármuni má nefna fasteignir, áhöld, tæki og annan búnað sem notast er við í daglegum rekstri og er ein af grunnforsendum reksturs félags. Veltufjármunir eru þeir fjármunir sem að ekki teljast til fastafjármuna. Hér má sem dæmi nefna birgðir, viðskiptakröfur og handbært fé. Ljóst er að mun meiri hreyfing á sér stað vegna veltufjármuna og er flokkunin tilkomin vegna þessa. Skuldir skal færa á efnahagsreikning þegar félag getur metið virði þeirra með áreiðanlegum hætti og séð er fram á að til greiðslu á þeim komi. Skuldir eru á sama veg flokkaðar í skammtíma- og langtímaskuldir. Þá flokkast lántökur oftast meðal langtímaskulda þar sem

Það mun taka félag nokkur ár að greiða af láninu. Skammtímaskuldir eru þær skuldir sem falla munu til greiðslu næstu 12 mánuði. Meðal skammtímaskulda má nefna viðskiptaskuldir og skatta ársins, séu þeir ógreiddir. Þá ber einnig að nefna að næsta árs afborgun langtímalána skal færa meðal skammtímaskulda þar sem að sú afborgun mun eiga sér stað á næstu 12 mánuðum (Kieso, Weygandt og Warfield, 2007). Að lokum er eigið fé félags. Eigið fé er mismunur eigna og skulda félags. Má sem dæmi nefna að innan eigin fjár flokkast reikningsliðirnir hlutafé, yfirverðsreikningur, lögbundinn varasjóður og óráðstafað eigið fé. Nefna þarf að þegar félag stendur höllum fæti og óráðstafað eigið fé er neikvætt er það að öllu jöfnu kallað ójafnað tap.

### **Sjóðstreymi**

Breyting á handbæru fé er sett fram í sjóðstreymisyfirliti félags. Þar eru hreyfingarnar sem verða á reikningsárinu settar fram í þremur flokkum. Þá byrjar sjóðstreymisyfirlitið á rekstrarhreyfingum en þar falla undir allir þeir reikningsliðir sem snerta daglegan rekstur fyrirtækis. Þar á eftir koma fjárfestingarhreyfingar. Undir þennan flokk fara þeir liðir sem tengjast fjárfestingum félags á tímabilinu. Hér má sem dæmi nefna að félag fjárfestir í nýjum tækjabúnaði, skuldabréfum sem og ef seldir eru rekstrarfjármunir. Að lokum koma fjármögnunarhreyfingar. Þar má sjá yfirlit yfir hvernig félag hefur fjármagnað sig á rekstrarárinu, til dæmis með nýjum lántökum eða hækkun hlutafjár og hvaða afborganir hafa orðið. Þá ber að nefna að innan þessa flokks falla arðgreiðslur en þær eru greiðslur til hluthafa sem hafa fjárfest í félagi og er því horft á arðgreiðslur sem afborgun til þeirra.

### **Uppsetning ársreiknings**

Ársreikning skal setja upp með sambærilegum hætti á milli ára en ef einhverjar breytingar verða þarf að taka þær fram í skýringum reikningsins. Í ársreikningi skal setja upp efnahagsreikning og rekstrarreikning með hliðstæðum hætti frá reikningsári til reikningsárs, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Því þarf að sýna í reikningsskilum hvers árs reikningsárið sem var á undan til samanburðar við gildandi reikningsár.

Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum ber íslenskum fyrirtækjum að skila ársreikningi sínum í íslenskum krónum. Þó er hægt að sækja um undanþágu frá þessari reglu ef starfsrækslugjaldmiðill félagsins er annar en íslenska krónan. Starfsrækslugjaldmiðill er skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagssumhverfi félags. Þá segir í íslenskum ársreikningalögum að fái félög heimild til þess að semja ársreikning sinn

í erlendum gjaldmiðli skuli þau umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þessa árs (*Lög um ársreikninga*).

## Ísland og IFRS

Hinir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar, IFRS, urðu að lögum þann 19. júlí árið 2002. Þann dag var samþykkt reglugerð nr. 1606/2002 sem fjallaði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Sú reglugerð sem var samþykkt kvað á um að árið 2005 yrðu staðlarnir teknir upp hér á landi. Eftir að innleiðing staðlanna átti sér stað hérlandis þurftu öll íslensk félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands að setja fram samstæðureikningsskil sín í samræmi við IFRS frá og með 1. janúar 2005. Innleiðing átti sér stað í beinu framhaldi af því að Evrópusambandið sendi út tilskipun að aðildarríki ættu að taka upp hina alþjóðlegu staðla. Taka skal fram að Ísland er ekki aðildarríki í Evrópusambandinu en innleiðingin hér á landi er byggð á grundvelli EES samningsins. Ætlunin með tilskipuninni er að stuðla að frjálsum flutningi fjármagns á innri markaði og að aðildarríki Evrópusambandsins standi jöfn að vígi í samkeppni er varðar fjármagn á fjármagnsmörkuðum í bandalaginu sem og á alþjóðlegum mörkuðum (*Lög um ársreikninga*). Tilgangurinn með innleiðingu IFRS í íslenskt viðskiptaumhverfi er að tryggja að félög veiti skýrar, mikilvægar, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar er varða afkomu og efnahag félaga. Einnig var leitast eftir því með innleiðingunni að alþjóða fjármagnsmarkaður sé skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur ásamt því að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á markaðinum. Þá má nefna að aukin alþjóðavæðing hefur átt sér stað á síðustu áratugum sem aukið hefur nauðsyn á alþjóðlegum reikningsskilum. Einnig áttu sér stað stór mál er varða sviksemi í reikningsskilum á erlendri grundu fyrir innleiðinguna sem jók enn á kröfur þess að slíkir staðlar skyldu teknir upp (Sigurður Þórðarson, e.d.).

Frá innleiðingu staðlanna í íslensk lög hafa staðlarnir tekið nokkrum breytingum en íslensk ársreikningalög hafa að mestu leyti staðið í stað. Þó urðu endurbætur á lögnum sem kváðu á um að frá og með 1. janúar 2007 þyrftu einnig félög með útgefin skuldabréf að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna. Samkvæmt 90. grein íslenskra ársreikningalaga ber þeim félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skylda að gera ársreikninga sína í samræmi við IFRS. Í gegnum tíðina hafa breytingar orðið á stöðlunum sjálfum en tilskipað alþjóðlegt ráð (e. international accounting standards board) ber ábyrgð á útgáfu og þróun

staðlanna. Þá segir í reglugerð nr. 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla að ferlið til samþykktar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skuli vera á þann hátt að hægt sé að bregðast skjótt við nýjum stöðlum sem og umræður við helstu aðila varðandi fyrirhugaðar breytingar. Með þessu á að stuðla að því að skilningur á samþykktum stöðlum sé sá sami hérlendis sem og annars staðar í bandalaginu (*Lög um ársreikninga*).

Margt hefur breyst í reikningsskilum hérlendis með tilkomu staðlanna en megin tilgangur ritgerðarinnar er að skoða þann mun sem verður við notkun IFRS samanborið við íslensk ársreikningalög.

## Aðferð 1

### Úr íslenskum ársreikningalögum í IFRS

Fyrsta rannsóknin sem tekin var fyrir var samanburður sama reikningsárs eftir sitt hvoru regluverkinu. Það félag sem tekið var fyrir í þessari rannsókn var Orkuveita Reykjavíkur. Árið 2007 færði Orkuveita Reykjavíkur reikningsskil sín frá ársreikningalögum yfir í IFRS. Samanburðurinn felst í því að bera saman þær breytingar sem verða fyrir árið 2006. Annars vegar er horft til ársreikningsins sem að gefinn var út árið 2006 en hann var gefinn út samkvæmt íslenskum ársreikningalögum. Hins vegar var skoðaður ársreikningur 2007 en þá voru reikningsskilin gefin út samkvæmt IFRS.

Þegar farið var í þessa rannsókn var leitast eftir því að geta borið saman sama reikningsárið með sitt hvoru regluverkinu. Þá var horft til þeirra reikningsliða sem að tóku á sig breytta mynd árið 2007, miðað við árið 2006. Þar sem um er að ræða sama reikningsskilaárið ættu allar tölur að vera til staðar en þær gætu þó færst á milli reikningsliða svo að nýir liðir bætast inn eða falla út. Við þessa aðferð er því leitast eftir því að skoða hvort, og þá hvert, hinir ýmsu liðir færast innan ársreikningsins sem og hvort nýir liðir bætast við eða detti út.

### Þátttakendur

Þátttakandi er aðeins einn í hinum fyrsta aðferðarkafli. Þá er um að ræða Orkuveitu Reykjavíkur. Félagið var valið af hentugleika en varð Orkuveitan fyrir valinu vegna þess að félagið hefur breytt um reikningsskilaaðferð og auðvelt var að nálgast ársreikninga félagsins sem og aðrar fjárhagsupplýsingar.

## Mælitæki

Mælitækin sem stuðst var við eru ársreikningar félagsins. Fyrir þessa aðferð var notast við ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árin 2006 og 2007. Þar sem um samanburð ársreikninga er að ræða eru þetta einu mælitæki rannsóknarinnar.

## Framkvæmd

Farið var í að bera saman reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árin 2006 og 2007. Árið 2006 var notað sem samanburðar ár en það ár skilaði Orkuveita Reykjavíkur, hér eftir félagið, ársreikningi sínum í samræmi við ákvæði íslenskra ársreikningalaga.

Í upphafi var rekstrarreikningur félagsins skoðaður. Rýnt var í alla liði rekstrarreikningsins með það að leiðarljósi að kanna hvort að einhverjar breytingar hefðu átt sér stað við innleiðingu IFRS.

Þá var rýnt í efnahagsreikning félagsins. Líkt og í rekstrarreikningi var hver reikningsliður efnahagsreikningsins skoðaður út af fyrir sig. Hér var einnig leitast eftir því að kanna hverslags munur kynni að verða á einstökum liðum við upptöku nýrra reikningsskilaaðferða.

Næst var skoðað sjóðstreymisyfirlit félagsins. Þar var horft sérstaklega til þess hvort að hver flokkur innihéldi sömu liði í báðum tilvikum og hver megin munurinn væri þar á milli.

Auk þess er horft til breytinga á skýringum. Þá eru skoðaðar skýringar beggja ársreikninga og skoðað hvaða breytingar hafi verið þar á. Skýringarkafli ársreiknings 2007 er mun lengri en ársins 2006 og var því leitast eftir því að skoða í hverju þær breytingar lægju.

Niðurstöður rekstrarreikningsins buðu upp á frekari rannsókn tengdum afleiðum. Því var skoðuð þróun innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum. Tekin var þróun gangvirðisbreytinga yfir 10 ára tímabil eða á árunum 2004 – 2014. Einnig var skoðuð breyting á eignarliðnum innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum fyrir sama tímabil. Að lokum voru áhrif breytinga á rekstrarafkomu félagsins skoðuð.

## Niðurstöður

Niðurstöður úr aðferð 1 sýndu fram á nokkuð skýrar niðurstöður. Eins og vænta mátti var nokkuð af breytingum á milli reikningsskilaaðferða.



Þær breytingar sem urðu við innleiðingu er varða fyrri reikningsár eru færðar á eigið fé í opnunarefnahagsreikningi félagsins við upptöku IFRS. Rekstrarárið 2006 er gert upp að nýju í samræmi við IFRS og verða því nokkrar breytingar á stöðu félagsins við innleiðinguna.

## **Rekstrarreikningur**

### *Niðurfærsla óefnislegra eigna*

Afskriftir ársins 2006 lækkuðu að einhverju leyti þegar rekstrarárið 2006 er gert upp að nýju samkvæmt IFRS. Þetta má rekja til þess að þegar IFRS tekur við uppfyllir ákveðið þróunarverkefni ekki þau skilyrði sem að staðlarnir setja til þess að teljast til óefnislegra eigna. Staðallinn sem að horft er til í þessu samhengi er staðall IAS 38 en í honum segir:

*Kostnaður sem hlýst vegna þróunarverkefnis er aðeins eignfærður ef hægt er að meta hann á áreiðanlegan hátt og verkefnið er tæknilega og viðskiptalega arðvænlegt, ávinningur er talinn líklegur og fyrirtækið hefur bæði ásetning og getu til að ljúka verkefninu og hefur áform um að afla tekna af því að selja það. Kostnaður þessi er gjaldfærður þegar fallið er frá verkefninu eða forsendur breytast (International Accounting Standards. Óefnislegar eignir: IAS 38 nr.57 [IAS], 2007a).*

Þar sem að stjórn telur þann þróunarkostnað sem var til staðar í reikningsskilunum ekki uppfylla öll þessi skilyrði er kostnaðurinn tekinn úr eignum félagsins. Í opnunarefnahagsreikningi er þessi fjárhæð því færð niður og eigið fé lækkar sem því nemur (Orkuveita Reykjavíkur, 2007).

### *Tekjuskattur*

Tekjuskattur á árinu 2006 er einungis áætlun þar sem að árið 2007 varð fyrsta árið þar sem félagið þurfti að greiða skatt. Lög nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja tóku gildi árið 2006 sem kveða á um að félög á borð við Orkuveituna þurfi að greiða skatt (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Þar sem að félagið hafði ekki áður þurft að taka tillit til skatts og setti einungis fram áætlun í sínum ársreikningi 2006 er auðvelt að sjá hvers vegna munur er á tekjuskatti milli ára. Þegar ársreikningurinn 2007 er gefin út hefur félagið þegar greitt skatt fyrir árið 2006 og eru þar því nákvæmar tölur. Innleiðing IFRS hefur ekki teljandi áhrif á skattskyldu félagsins sem slíka. Þó ber að hafa í huga að þeir reikningsliðir sem breytast við innleiðingu hafa áhrif á frestaðan tekjuskatt. Að því leyti hefur innleiðing IFRS óbein áhrif á niðurstöðu tekjuskatts.

### *Gangvirðisbreyting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum*

Afleiður eru ein tegund fjármálagerninga. Samkvæmt staðlinum IAS 39, sem fjallar um færslu og mat fjármálagerninga, þarf gerningur að uppfylla þrjú skilyrði til þess að hann teljist sem afleiða. Í fyrsta lagi þarf virðisbreyting fjármálagernings að vera háð undirliggjandi þáttum hans. Í þessu samhengi mætti nefna að virði fjármálagernings kynni að sveiflast í takt við breytingu á vísitölu, gengisbreytingu gjaldmiðla, verð á öðrum fjármálagerningum og svo framvegis. Í öðru lagi þarfnast slíkur fjármálagerningur lítillar eða enngar fjárfestingar í upphafi samnings. Þegar talað er um lága fjárfestingu er átt við fjárfestingu að lægri upphæð heldur en krafist væri fyrir sams konar samninga á öðrum fjármálagerningum sem ekki eru afleiður. Í þriðja lagi eru viðskipti með slíka fjármálagerninga gerð upp í framtíðinni (IAS 39, 2007b).

Fyrir breytingar sem höfðu áhrif á rekstrarreikning má fyrst nefna að eftir að félagið fór að skila ársreikningi samkvæmt IFRS kom fram reikningsliðurinn gangvirðisbreyting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum.

Staðallinn IAS 39 skilgreinir innbyggða afleiðu sem hluta af samsettum gerningi (e. hybrid instrument) sem felur einnig í sér óafleiddan hýsilsamning (e. non-derivative host contract). Slík samsetning hefur þau áhrif að hluti sjóðstreymis, sem stafar af gerningnum, er breytilegur með sambærilegum hætti líkt og um sjálfstæða afleiðu (e. stand-alone derivative) væri að ræða (IAS 39, 2007b).

IFRS kveður á um sérstök færsluskilyrði er varða innbyggðar afleiður. Þá segir að félag skuli í reikningsskilum sínum aðskilja innbyggða afleiðu frá hýsilsamningi sínum uppfylli hún þau skilyrði sem að IAS 39 fjallar um. Skilyrðin eru þrjú og verða þau talin hér upp. Í fyrsta lagi á félag að skilja innbyggða afleiðu frá hýsilsamningi sínum séu efnahagsleg einkenni og áhætta hennar ekki nátengd sömu þáttum hýsilsamnings. Í öðru lagi skal félag aðskilja innbyggða afleiðu frá hýsilsamningi sínum búi innbyggða afleiðan yfir sömu skilmálum og aðgreindur gerningur sem skilgreindur er sem afleiða. Í þriðja lagi ber félagi að skilja innbyggða afleiðu frá hýsilsamningi sínum sé samsetti gerningurinn, það er innbyggða afleiðan og óafleiddi hýsilsamningurinn, ekki metinn á gangvirði og gangvirðisbreytingar hans ekki færðar í gegnum rekstur félagsins. Uppfylli innbyggð afleiða öll þessi skilyrði skal félag aðskilja hana frá hýsilsamningi sínum og færa hana sem afleiðu. Leggja skal mat á gangvirði innbyggðar afleiðu og færa þær gangvirðisbreytingar sem kunna að verða í gegnum rekstur félags. Geti

félag ekki áætlað mat gangvirðis innbyggðar afleiðu á áreiðanlegan hátt skal það færa samsetta gerninginn í heild sinni á gangvirði í gegnum rekstur.

Rétt er þó að taka fram að félagi er ekki valfrjálst að skilja innbyggða afleiðu frá hýsilsamningi sínum. Ef innbyggða afleiðan uppfyllir ekki þau skilyrði sem að nefnd voru hér að ofan er því ekki heimilt að skilja hana frá hýsilsamningi og ber því félagi skylda að færa samsetta gerninginn í heild sinni ( IAS 39, 2007b).

Íslensk ársreikningalög setja félagi engin skilyrði er varðar aðskilnað innbyggðar afleiðu frá hýsilsamningi sínum. Þá segir í 36. gr. laganna að heimilt sé að meta fjármálagerninga á gangvirði hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Sé þessi heimild notuð skal félag meta skuldbindingar tengdum afleiðusamningum á gangvirði. Samkvæmt lögum gefst félögum kostur á að færa fjármálagerninga sem þessa á kostnaðarverði (*Lög um ársreikninga*). Þykir það athyglisvert þar sem að kostnaðarverð slíkra samninga er yfirleitt fært á núlli og hefur þar af leiðandi engin teljandi áhrif.


Í rekstrarreikningi félagsins fellur þessi liður undir tekjur og gjöld af fjáreignum og fjárskuldum, en sá liður samanstendur þó af nokkrum reikningsliðum sem að teknir eru saman í eina samtölu í rekstrarreikningi. Á árinu 2006, fyrir innleiðingu IFRS, stóð þessi reikningsliður á núlli. Samkvæmt 38 gr. laga um ársreikninga segir að allar þær breytingar á virði fjármálagerninga og skuldbindinga sem metnar eru í samræmi við 37. gr. skulu vera færðar á rekstrarreikning. Samkvæmt 36. gr. íslenskra ársreikningalaga tekur 37. gr. einungis til þeirra fjármálagerninga sem hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Samkvæmt skýringum í ársreikningi félagsins er varðar raforkusölusamninga er um að ræða samninga til 20 ára og falla því þessir samningar utan gildissviðs 36. og 37. greina íslenskra ársreikningalaga. Þar sem að ekki er kveðið á í lögum um slíka samninga er því augljóst að sjá hvers vegna ekki er að finna gangvirðisbreytingu á raforkusölusamningum (*Lög um ársreikninga*). Þessi breyting sem á sér stað veldur miklum sveiflum í rekstrarniðurstöðu ársins. Þegar horft er á tölubreytinguna sem að verður á rekstrarreikning vegna þessa liðar fer hann úr því að vera 0 krónur fyrir innleiðingu IFRS í 1.957.255 þúsundir króna (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Má því álykta að gífurlega miklu máli skiptir fyrir útkomu reksturs hvernig afleiðu viðskipti eru sett fram í reikningsskilum félags, það er eftir hvoru regluverkinu er farið.

Fram kemur í ársreikningi félagsins að markaðsverð innbyggðra afleiða liggi ekki fyrir. Til þess að leggja mat á gangvirði afleiðunnar er horft til tveggja þátta. Þá er annars vegar horft til vænts núvirtis greiðsluflæðis á uppgjörstegi miðað við framvirkt verð á áli. Hins vegar er horft til væntinga um þróun á álverði á næstu 30 árum samkvæmt mati óháðra matsaðila eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi. Út frá þessum þáttum er reiknað framtíðarvirði afleiðunnar. Til þess að finna gangvirðisbreytingu afleiðunnar er núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörstegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samnings dregin frá framtíðarvirði afleiðunnar. Í útreikningi þessum er gengið út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samningsins (Orkuveita Reykjavíkur, 2007).


#### *Þróun gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum*

Liðurinn aðrar tekjur og önnur gjöld af fjáreignum og fjárskuldum var skoðaður, en hann stóð sem einn liður í rekstrarreikningi. Í skýringum mátti hins vegar finna sundurliðun á þessari fjárhæð og þar á meðal var liðurinn gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum. Vakti þessi liður áhuga því ekkert stendur um meðferð slíkra gangvirðisbreytinga í íslenskum ársreikningalögum. Samkvæmt IFRS er hinsvegar fjallað um færslu og mat á gangvirðisbreytingum fjármálagerna en samkvæmt staðlinum IAS 39 segir að allar gangvirðisbreytingar sem kunna að myndast sökum fjármálagerna eins og hér um ræðir skulu færðar ýmist sem tekjur eða gjöld í gegnum rekstrarreikning (IAS 39, 2014a).

Sökum þessa var ákveðið að skoða nánar þróun innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum sem færðar eru í gegnum rekstrarreikning félagsins. Tekin var þróun gangvirðisbreytinga á árunum 2004 – 2014. Eins og áður sagði skipti félagið úr íslenskum ársreikningalögum yfir í IFRS á þessu tímabili og er það meðal annars ástæðan fyrir því að árið 2006 kemur fram í tvö skipti við greiningu þróunarinnar. Þegar félagið hóf að beita IFRS árið 2007 var árið 2006 gert upp að nýju og því þótti réttast að árið 2006 kæmi tvívegis fram, bæði fyrir innleiðingu og eftir innleiðingu, til þess að undirstrika frekar þann mun sem kann að myndast sökum gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum.

**Mynd 1: Gangvirðisbreyting færð í gegnum rekstur**


Eftir að hafa skoðað þróun gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum vaknaði upp sú spurning hvaða áhrif slík færsla hefði á rekstrarniðurstöðu hvers árs fyrir sig. Því var ákveðið að setja upp nákvæma eftirlíkingu af rekstrarreikningi félagsins fyrir hvert ár að undanskyldri einni breytu, gangvirðisbreytingu innbyggðra afleiða. Þeirri upphæð var haldið á núlli. Þá var notast við virkt tekjuskattshlutfall sem fengið var í ársreikningum félagsins ár hvert og það nýtt til þess að endurreikna nýjan tekjuskatt. Að því loknu fannst ný afkoma fyrir hvert reikningsár sem notast var við. Raunveruleg rekstrarniðurstaða, það er sú afkoma sem fram kom í ársreikning, var síðan borin saman við þá niðurstöðu sem fékkst út úr eftirlíkingunni sem sett var upp.

**Mynd 2: Áhrif gangvirðisbreytingar á rekstrarniðurstöðu**

Áhrifin leyndu sér ekki en eins og sjá má á mynd 2 þá getur gangvirðisbreyting innbyggðra afleiða haft talsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu hvers árs. Svo dæmi sé tekið þá var raunverulegt tap félagsins árið 2009 2,5 milljarðar króna en sé gangvirðisbreytingu innbyggðra afleiða sett á núll, líkt og tilfellið væri ef að félagið gerði ársreikning sinn upp samkvæmt íslenskum ársreikningalögum, hefði tap félagsins numið 9,6 milljörðum króna. Áhrif gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða eru því jákvæð í þessu samhengi sem um nemur 7,1 milljarði króna. Að sama skapi mætti taka fyrir árið 2013 en raunverulegur hagnaður ársins var 3,3 milljarðar króna en sé gangvirðisbreytingunni hinsvegar haldið á núlli í rekstrinum hefði hagnaðurinn orðið 7,7 milljarðar króna. Áhrif gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða eru því neikvæð í þessu tilfelli sem um nemur 4,4 milljörðum króna.

Fram kemur í ársreikningi félagsins árið 2009 að innbyggðar afleiður séu háðar heimsmarkaðsverði á áli og að gangvirði þeirra sé áætlað út frá væntingum um verðlagsþróun á áli næstu þrjátíu árin. Sömu skýringu má finna í ársreikningi félagsins árið 2013. Þar er þó fjallað um samning sem félagið gerði við álverið í Helguvík en talsverðar tafir hafa orðið á framkvæmdum álversins. Mat stjórnenda félagsins er að talsverð áhætta sé fólgin í samningnum og speglast sú áhætta í virði afleiðunnar. Má því ætla út frá þessum upplýsingum að væntingar um verðlagsþróun á áli hafi verið góðar í lok reikningsársins 2009 sem skýrir jákvæð áhrif gangvirðisbreytinga. Að sama skapi má ætla að væntingar um verðlagsþróun hafi ekki verið eins góðar árið 2013. Eins hefur áhætta ofangreinds samnings haft áhrif á mat gangvirðis sem að skýrir neikvæð áhrif gangvirðisbreytinga í lok reikningsársins 2013.

Mynd 3: Þróun á heimsmarkaðsverði á áli. (Index mundi, 2015)



Á mynd 3 er að finna hálf árslega breytingu í þróun á mánaðargengi (e. spot price) álverðs hjá London Metal Exchange en það er sama gengisþróun og félagið horfir til við sínar matsbreytingar (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Eins og sjá má eru talsverðar sveiflur á heimsmarkaðsverði áls. Myndin er byggð á sögulegum gögnum og gefa því réttari mynd en væntingar félagsins á raunverulegum sveiflum. Þar sem að miklar sveiflur eru á heimsmarkaðsverði á áli gerir það mat innbyggðra afleiða afar breytilegt á milli ára. Því þarf að hafa í huga að taka skuli stærðir sem þessar með fyrirvara þar sem þær byggjast á mikilli óvissu.

Áhrif gangvirðisbreytinganna voru jákvæð á tímabilinu 2006 – 2010 en neikvæð á tímabilinu 2011 – 2014. Sökum þessa vaknaði sú spurning hvort að nettó áhrif væru í raun engin, það er að til langs tíma litið skipti færsla gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raun engu máli. Til þess að reyna að svara þessari spurningu var horft til tveggja þátta sem hafa hvað mest áhrif.

Í fyrsta lagi reyndust nettó áhrif gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða sem færðar eru í gegnum rekstur á tímabilinu 2006-2014 vera jákvæð um rúma 2,7 milljarða króna og myndi það því skekkja heildarmyndina talsvert ef þessum lið væri sleppt (Orkuveita Reykjavíkur, 2004- 2014).


Í öðru lagi eiga ársreikningar að gefa sem gleggsta mynd af rekstri og eignastöðu félags. Þegar einstaka reikningsliður getur sveiflað afkomu félags sem nemur nokkurra milljarða króna þykir nauðsynlegt að félagið færi þann lið meðal tekna eða gjalda fjáreigna og fjárskulda svo að lesandi reikningsskilanna geti séð afkomu félagsins í réttu ljósi.

## **Efnahagsreikningur**

### *Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum*

Líkt og í rekstrarreikningi höfðu innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum hvað mest áhrif á breytingu efnahagsreiknings félagsins. Þegar félagið gerði upp ársreikning sinn samkvæmt íslenskum ársreikningalögum var þessi reikningsliður hafður á núlli en þegar breytt var yfir í IFRS er liðurinn settur fram á gangvirði. Heildarmatsbreyting á þessum lið nam 3.699.990 þúsundum króna. Má til gamans geta að eftir að breytingin átti sér stað voru innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum orðnar næst stærsta eign félagsins, á eftir varanlegum rekstrarfjármunum (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Má þar af leiðandi álykta að eftir að þessar breytingar áttu sér stað hafði það veruleg áhrif á útkomu eignarstöðu félagsins.

Mynd 4: Þróun innbyggðra afleiða



Eins og sjá má á ofangreindri mynd eru miklar sveiflur á eignastöðu þessa reikningsliðar hjá félaginu. Tekin var þróun innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum fyrir sama tímabil og gert var fyrir gangvirðisbreytinguna í rekstrarreikningi hér að ofan. Sjá má að eignin breytist mikið í virði á milli ára og hefur því mikil áhrif á eignastöðu félagsins, en eins og áður sagði er þessi reikningsliður næst stærsta eign félagsins eftir að hún er færð inn í efnahaginn fyrir árið 2007. Einnig má sjá að á árunum 2013 og 2014 verður gríðarleg breyting á eignastöðu þar sem að þessi eign er á endanum færð niður á núll. Á árinu 2014 má þó sjá að innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru orðnar að skuld (Orkuveita Reykjavíkur, 2004- 2014).

Íslensk ársreikningalög taka ekki á innbyggðum afleiðusamningum. Þennan reikningslið er hvergi að finna í reikningsskilum félagsins þegar farið er eftir íslenskum ársreikningalögum. Af þeim ástæðum þarf félagið ekki að aðgreina innbyggða afleiðusamninga frá hýsilsamningum og er þann reikningslið því hvergi að finna. Hins vegar þegar skoðaður er staðallinn IAS 39 segir að aðgreina þurfi innbyggðar afleiður frá hýsilsamningi sínum og þurfi að færa hana sem afleiðu. Af þessu má sjá hvers vegna breytingin á sér stað í reikningsskilum félaga þegar um innbyggðar afleiður er að ræða (IAS 39, 2014b).

### *Óefnislegar eignir*

Þá ber næst að horfa til óefnislegrar eignar. Eins og rætt var hér að ofan á sér stað niðurfærsla óefnislegrar eignar sem á rætur sínar að rekja til þróunarkostnaðar sem ekki uppfyllir eignfærsluskilyrði IFRS.



Þá breytist einnig framsetning á hugbúnaði sem að félagið býr yfir sem að hingað til hefur flokkast innan varanlegra rekstrarfjármuna félagsins. Hugbúnaðurinn sem hingað til hefur verið flokkaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna uppfyllir skilyrði IAS 38 sem ófnisleg eign og er hann af þeim sökum færður inn á þann lið. Íslensk ársreikningalög innihalda ekki heildstæða skýringu á því hvað skal flokka sem ófnislega eign né varanlegan rekstrarfjármun. Staðallinn IAS 38 segir hins vegar að þegar hugbúnaður er ekki óaðskiljanlegur hluti af viðkomandi vélbúnaði, flokkast hugbúnaðurinn sem ófnisleg eign (IAS 38, 2014b). Ætla má að hugbúnaðurinn sem um ræðir sé ekki óaðskiljanlegur hluti vélbúnaðar út frá skýringu um flokkun hans í ársreikningi félagsins.

### *Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum*

Framsetning eignarhluta í hlutdeildarfélögum var endurskoðuð við upptöku staðlanna. Smávægilegan mun er að finna á milli regluverka sem að í þessu tilviki veldur ekki áhrifum á niðurstöðu efnahagsreiknings en hefur áhrif á framsetningu einstakra liða í ársreikningi félagsins. Samkvæmt 41.gr íslensku ársreikningalaganna segir að þegar hlutdeildaraðferð er beitt skuli taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélags. Þá segir að hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tilgreindar eignir ef það er unnt ella telst hann viðskiptavild (*Lög um ársreikninga*). Þegar skoðaðir eru hinir alþjóðlegu reikningsskilastaðlar segir í IAS 28 að þegar hlutdeildaraðferð er beitt er fjárfesting upphaflega skráð á kostnaðarverði og síðan aðlöguð vegna breytinga á hlut fjárfestis í hreinum eignum félags eftir kaup. Þær aðlaganir sem gerðar eru kunna að færast að hluta eða að öllu leyti á viðskiptavild. Þá ber að nefna að viðskiptavild í hlutdeildarfélögum er ekki sérgreind heldur innifalin í bókfærðu verði eignarhlutarins. Rekstrarreikningurinn á svo að endurspeglar hlut fjárfestisins í rekstrarafkomu félagsins (IAS 28, 2007c). Af þessu má sjá að óverulegur munur er á milli regluverka þegar kemur að viðskiptavild.

### **Skýringar**

Það urðu miklar breytingar við innleiðingu IFRS þegar kemur að fjölda skýringa. Blaðsíðufjöldi skýringa fer frá því að vera 12 blaðsíður í 36 blaðsíður (Orkuveita Reykjavíkur, 2006-2007). Þar af eru þó 6 blaðsíður sem fara í útskýringar er varða innleiðinguna. Þær blaðsíður eru einskiptis liðir sem munu ekki verða hluti af ársreikning félagsins aftur.

Í staðli IAS 1 er að finna leiðbeiningar um hvernig setja skal fram skýringar í ársreikningum félaga. Eins og greint er frá í staðlinum gegna þessar leiðbeiningar þeim tilgangi að auðvelda lesendum reikningsskila og gera þeim auðveldara að bera reikningsskilin saman við önnur félög. Þær leiðbeiningar sem að finna má í IAS 1 eru einungis lágmarkskröfur sem IFRS kveður á um. (IAS 1, 2014c) Innan annarra staðla er svo að finna sértækar skýringar sem þurfa að koma fram vegna þeirra liða sem að þeir staðlar fjalla um.

Hér á eftir verða teknar fyrir þær helstu skýringar sem að bættust við ársreikning félagsins eftir innleiðingu IFRS. Farið er yfir þær skýringar sem að þóttu þjóna litlum tilgangi.

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

Þessa skýringu er að finna í ársreikningi félagsins 2006 þar sem er að finna yfirlýsingu um að farið sé eftir settum lögum. Munurinn sem að verður er sá að við innleiðingu er fjallað um þær matsaðferðir sem að beitt er við reikningsskilin. Þá ber félögum sem gera reikningsskil sín upp í samræmi við IFRS ber að tilkynna að félagið fylgi öllum þeim stöðlum í reikningsskilum sínum. Í staðli IAS 1 segir einnig að félög þurfi að tilkynna starfrækslugjaldmiðil sinn sem og að setja fram upplýsingar um á hvaða grunni reikningsskilin eru gerð (IAS 1, 2014c). Eins er að finna talsverðan mun á lengd þessarar skýringar en hún fer úr þremur línum í eina og hálfa blaðsíðu á milli regluverka.

### *Mikilvægar reikningsskilaaðferðir*

Í þessum hluta skýringanna er einnig að finna ítarlegar skýringar á hinum ýmsu reikningsliðum sem eru í ársreikningnum. Þó var að finna eina skýringu sem krafðist nánari athugunar.

Færsla og mat á fjármálagerningum er skýring sem kemur ekki fram í reikningsskilum félagsins fyrir upptöku IFRS. Breytingin sem þarna verður er sú að fjármálagerningar eru metnir á gangvirði og eru þeir færðir eftir því. Sú breyting á gangvirði fjármálagerninga sem kann að hafa orðið á reikningsskilaárinu er færð í gegnum rekstrarreikning.

### *Ákvörðun gangvirðis*

Við upptöku IFRS komu fram nokkrar reikningsskilaaðferðir sem krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað fyrir hinar ýmsu eignir og skuldir félagsins (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Staðallinn IFRS 13 fjallar um mat gangvirðis en sá staðall tók ekki gildi fyrr en 2013 og á því ekki við í þessum samanburði (International Financial Reporting Standards 13. *Gangvirðismat*: IFRS 13, 2014a). Þrátt fyrir það fjalla hinir ýmsu staðlar um slíkt mat á því

efni sem að þeir fjalla um. Þar mætti helst nefna fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum sem og afleiðuviðskipti. Við mat gangvirðis á fyrrgreindum fjármálagerningum er horft til markaðsvirði þeirra en sé markaðsverð ekki til er gangvirði áætlað með öðrum matsaðferðum.

### *Hlutdeildarfélög*

Talsvert meiri upplýsingar er að finna í ársreikningi eftir innleiðingu IFRS er varðar hlutdeildarfélög (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Staðall IAS 28 fjallar um fjárfestingar í hlutdeildarfélögum en í honum segir að gera skal grein fyrir mikilvægum hlutdeildarfélögum að meðtalinni eignarhlutdeild ásamt þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að færa slíkar fjárfestingar (IAS 28, 2007c).

### *Tengdir aðilar*

Samkvæmt IAS 24 ber félögum sem skila ársreikningum sínum samkvæmt IFRS að upplýsa í skýringum um aðila sem tengdir eru félaginu. Þá ber félaginu að segja frá þeim viðskiptum sem verða þeirra á milli. Einnig á félagið að veita upplýsingar varðandi útistandandi kröfur eða skuldir sem eru á milli félagsins og tengdra aðila á reikningsskiladegi (IAS 24, 2014d).

Fjallað er um tengda aðila í 63. gr. íslenskra ársreikningalaga þar segir að gera skuli grein fyrir viðskiptum við tengda aðila. Þar er ekki skilgreint að fullu hverjir tengdir aðilar eru en þar stendur einungis að tengdir aðilar séu meðal annars móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög (*Lög um ársreikninga*).

Í staðlinum IAS 24 er að finna talsvert skýrari leiðbeiningar um upplýsingagjöf er varðar tengda aðila miðað við þær leiðbeiningar sem íslensk ársreikningalög veita.

Í ársreikningi gerðum samkvæmt íslenskum ársreikningalögum er einungis að finna skilgreiningu á hlutdeildarfélögum og að slík félög séu færð meðal fjárfestingaverðbréfa. Fjárfestingaverðbréf eru sundurliðuð en þar kemur eignarhlutar í öðrum félögum einungis fram sem einn reikningsliður. Eftir innleiðingu IFRS er að finna skilgreiningu á hugtakinu tengdir aðilar. Þá er að finna sérstaka sundurliðun sem sýnir bæði eignarhlut í hlutdeildarfélögum sem og í öðrum félögum. Þar er tekið fram hlutfallsleg eign félagsins sem og bókfært verð.

## Umræður

Ofangreindar niðurstöður leiddu í ljós að miklar breytingar áttu sér stað við innleiðinguna sem höfðu mikil áhrif á niðurstöðu ársreiknings félagsins. Má af niðurstöðunum sjá að mun nánari lýsingar og flokkanir eru til staðar þegar kemur að IFRS samanborið við íslensk ársreikningalög. Í íslensku ársreikningalögunum er lítið um skilgreiningar og litlar leiðbeiningar um hjálp á flokkun einstakra liða. Telja má að staðlarnir gefi nákvæmari leiðbeiningar er varða flokkun sem ætti að stuðla að frekari samræmingu reikningsskila sem og að auðvelda lesendum ársreikninga skilning.

Niðurstöðurnar úr hinum fyrsta aðferðarkafli töluðu sínu máli en þó þykja gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum umhugsunarefni. Eins og sjá má í ofangreindum niðurstöðum getur þessi liður haft mikil áhrif á niðurstöður, bæði í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi. Svo virðist sem útreikningur á gangvirði samninga byggist að mörgu leyti á huglægu mati. Þó ber að hafa í huga að samkvæmt IFRS ber félaginu skylda til þess að meta gangvirði og leitast stjórnendur eftir því að vera hlutlægir með notkun markaðsupplýsinga eftir þeirra bestu getu. Líkt og sjá má á mynd 1 og 2 verða miklar sveiflur á liðnum sem að velta á breytingum á mati áætlaðs gangvirðis. Þessu má líkja við það sem gerðist í efnahagshruninu haustið 2008 í sinni einföldustu mynd þegar hlutabréfaeign margra hrundi. Þar byggðist hlutabréfaverð að mörgu leyti á áætluðu mati sem á endanum fór ekki líkt og vænst var til. Svo virðist sem að áætlun gangvirðis hjá Orkuveitu Reykjavíkur sé að mörgu leyti líkt og þetta dæmi. Vissulega er rétt fyrir lesendur reikningsskila að sjá heildareignir en hvort að þetta verði svo stór eign þykir umhugsunarvert. Rétt er að benda á að slíkt mat er skylda samkvæmt IFRS og eru allar líkur á að félagið reyni að ákvarða slíkt mat út frá bestu fáanlegu forsendum sem til eru á hverjum tíma. Taka ætti þó með fyrirvara þá stærð sem byggir á jafn mikilli óvissu og þessi reikningsliður gerir þegar ársreikningur er lesinn.

Mismunur í sjóðstreymisyfirliti var talinn óverulegur og því ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um hann í niðurstöðunum hér að ofan. Þá var ákveðið að sjóðstreymisyfirlit verði skoðað að loknum aðferðarkafli verkefnisins.

Í niðurstöðuhluta skýringa er ekki farið í gegnum allar þær breytingar sem eiga sér stað. Hér er einungis tekinn fyrir sá hluti sem að talinn er sérstakur fyrir þetta tilvik. Að loknum aðferðarkafli verður farið í nánari umræður á þeim skýringum sem að standa eftir og upplýsingamengun sem gæti mögulega átt sér stað með þeim.

Eins og sjá má í ofangreindum niðurstöðum eru hinir ýmsu liðir í reikningsskilum félagsins sem að breytast við innleiðingu IFRS. Hér er þó ekki um tæmandi lista að ræða og þessi eina aðferð gefur ekki nákvæma mynd af þeim mismun sem kann að vera á milli regluverka. Benda má á að þær breytingar sem verða við innleiðingu ráðast af starfssemi viðkomandi félags. Í framhaldi af þessari aðferð var því farið í nýja gerð rannsóknar þar sem leitast er eftir víðtækari niðurstöðum.

## Aðferð 2

### Samanburður regluverka innan sömu atvinnugreinar

Að lokinni aðferð 1 vöknudu frekari spurningar varðandi ákveðna reikningsliði og hvort að frekari mismun væri að finna en þann sem að aðferð 1 leiddi í ljós. Það þótti óljóst hversu alhæfandi niðurstöður aðferðar 1 væru og því voru taldar miklar líkur á því að frekari rannsóknir væru nauðsynlegar.

Ákveðið var að aðferð 2 væri byggð upp að mörgu leyti á svipaðan hátt og sú síðasta. Meginmunur aðferðanna liggur í því að hér eru borin saman tvö mismunandi fyrirtæki. Samanburðurinn felst í því að skoða annars vegar félag sem að gerir reikningsskil sín samkvæmt íslenskum ársreikningalögum og hins vegar félag sem gerir reikningsskil sín samkvæmt IFRS. Til þess að samanburðurinn verði sem áreiðanlegastur voru tekin fyrir tvö félög sem að starfa innan sama atvinnugeira en skila reikningsskilum sínum eftir sitt hvoru regluverkinu. Ákveðið var að skoða tvær atvinnugreinar til þess að fá víðtækari niðurstöður og forvitnilegt var að sjá hvort að mismunandi niðurstöður fengjust fyrir hvora atvinnugrein. Þá voru lagðir til grundvallar ársreikningar olúfélaganna N1 ehf. og Olúverzlunar Íslands hf. N1 ehf. hefur gert ársreikning sinn samkvæmt IFRS síðustu ár en Olúverzlun Íslands gerir ársreikning samkvæmt íslenskum ársreikningalögum. Þá voru einnig skoðuð sjávarútvegsfyrirtækin HB Grandi hf. og Samherji Íslands ehf. Þar gerir HB Grandi ársreikning sinn samkvæmt IFRS en Samherji Ísland ehf hinum íslensku ársreikningalögum.

Þessi aðferð gefur gleggri mynd á regluverkin miðað við daginn í dag þar sem að hægt er að notast við nýrri ársreikninga en notaðir voru í aðferð 1. Má af því sjá að nýjustu staðlar IFRS eiga betur við. Þar sem að í þessari aðferð er um tvö mismunandi félög að ræða gefur auga leið að ekki er hægt að finna sömu tölur í ársreikningunum en rannsóknin felst fremur í því að

bera saman einstaka reikningsliði. Þá verður leitast eftir því að kanna hvort að sami, sem og annar, mismunur sé til staðar í ársreikningunum og finna mátti í aðferð 1.

### **Þátttakendur**

Fyrir aðferðarkafli 2 eru alls fjórir þátttakendur. Þá er annars vegar um að ræða N1 ehf., hér eftir N1 og Olúverzlun Íslands hf., hér eftir Olís. Hins vegar eru það félögin HB Grandi hf., hér eftir HB Grandi, og Samherji Ísland ehf., hér eftir Samherji. Félögin voru valin af hentugleika en ástæðan fyrir valinu var sú að um er að ræða félög sem að starfa á sama markaði, í svipaðri starfsemi og skila ársreikningum sínum með sitt hvoru regluverkinu.

Taka skal fram að einungis 77 félög gera ársreikning sinn samkvæmt IFRS og því takmarkast val á þátttakendum verulega (Ríkisskattstjóri, 2013). Vegna þessa er, líkt og áður sagði, val þátttakenda gert af hentugleika en farið var eftir lista ársreikningaskrár yfir þau félög sem beita IFRS.

### **Mælitæki**

Líkt og í aðferð 1 eru mælitækin sem að stuðst er við ársreikningar félaganna. Í þessari rannsókn er notast við ársreikninga N1 og Olís fyrir árið 2013. Eins var samanburður ársreikninga HB Granda og Samherja metinn út frá ársreikningum 2013.

### **Framkvæmd**

Eftir að þátttakendur voru valdir var hafist handa við samanburð á ársreikningum N1 og Olís annars vegar, en HB Granda og Samherja hins vegar. Þá var farið í gegnum hvern reikningslið fyrir sig og athugað hvort að sambærilegan lið væri að finna í hliðstæðum ársreikningum.

Þá var byrjað að fara í gegnum rekstrarreikninga félaganna. Leitast var eftir því að kanna hvernig einstakir rekstrarliðir flokkuðust. Samhliða samanburðinum á rekstrarreikningunum voru skoðaðar viðeigandi skýringar. Þar var þá sérstaklega horft til mismunandi framsetningar á skýringum og hvort að ákveðin atriði væru undanskilin skýringum í öðru hvoru regluverkinu.

Eftir að niðurstöður voru ljósar úr rekstrarreikningi var horft til efnahags. Líkt og áður var megin áherslan sett á það að skoða framsetningu reikningsliða og flokkun. Þá var sérstaklega horft til niðurstaðna aðferðar 1 og leitast eftir því að kanna hvort að þessi rannsókn sýni fram á sömu niðurstöður eða hvort að niðurstöður væru aðrar. Í efnahagsreikningi var einnig horft

til skýringa samhliða samanburðinum en þá var áherslan aðallega sett á það að kanna hvort að svipaðir þættir ættu heima í báðum reikningsskilum en flokkun og framsetning á misjafnan hátt.

Þar á eftir var farið í gegnum skýringarhluta ársreikninga. Þá var skoðað hvort að sambærilegar skýringar væru að finna í hvorum ársreikning fyrir sig og hvaða skýringar komu fram hjá félögunum sem gera samkvæmt IFRS en voru ekki að finna hjá hinum félögunum.

Að lokum voru könnuð sjóðstreymisyfirlit ársreikninganna. Þar var sérstaklega horft til þess hvort að einhver munur væri á þeim reikningsliðum sem teknir væru fram og hvort að samtölur væru svipaðar.

### **Niðurstöður - N1 og Olís**

Niðurstöður aðferðar 2 svöruðu mörgum af þeim spurningum sem að kviknuðu eftir að aðferð 1 lauk. Þá komu fleiri niðurstöður fram sem að áhugavert var að skoða.

### **Rekstrarreikningur**

#### *Flokkun rekstrarkostnaðar*

Það sem þótti hvað stærsti munurinn á framsetningu í rekstrarreikning var liðurinn laun og launatengd gjöld. Í ársreikningi Olís kemur laun og launatengdur kostnaður einungis fram í skýringum en er ekki sérstakur reikningsliður í rekstrarreikningi. Hjá N1 er hins vegar laun og launatengd gjöld sérstakur reikningsliður sem tekinn er fram í rekstrarreikningi.

Munurinn á framsetningu launa er til kominn vegna mismunandi aðferða við kostnaðarflokkun en báðar aðferðir eru samþykktar, bæði í íslenskum ársreikningalögum sem og í IFRS. Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996 veitir leiðbeinandi upplýsingar um uppsetningu ársreikninga. Þar segir að heimilt sé að flokka rekstrartekjur og rekstrargjöld eftir deildum eða starfsþáttum með tilheyrandi breytingum á nafngiftum einstakra liða. Staðallinn IAS 1 um framsetningu á reikningsskilum gerir á svipaðan hátt grein fyrir tveimur megin aðferðum við greiningu kostnaðar innan rekstrarreiknings. Flest félög fara eftir tegundaflokkun (e. nature classification) en þá er hver kostnaðarliður fyrir sig settur fram í rekstrarreikningi. Gjöld eða tekjur eru sett fram í rekstrarreikningi í samræmi við tegund þeirra og er þeim ekki skipt niður eftir mismunandi hlutverki þeirra innan einingarinnar. Einfalt getur reynst að nýta sér þessa aðferð vegna þess

að ekki er þörf á því að skipta rekstrarkostnaði í flokka eftir hlutverki. Þegar farið er eftir starfssemiskostnaðarflokkun (e. function classification) eru kostnaðarliðir á borð við laun og afskriftir dreifðir niður á starfsþætti félagsins. Með þessari aðferð kemur einungis ein samtala í rekstrarreikningi, til dæmis sölu- og dreifingakostnaður, en þá inniheldur sá liður hlutfallslega sinn hlut af kostnaði launa og afskrifta. Við notkun á þessari aðferð skal að minnsta kosti birta kostnaðarverð seldra vara aðgreint frá öðrum tegundum gjalda. Þegar þessi aðferð er notuð er hins vegar hægt að finna yfirlit yfir launakostnað og afskriftir í skýringum (IAS 1, 2014c).

Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum ber félagi að upplýsa um heildarlaunakostnað og samsvarandi kostnað fyrir fyrra ár (*Lög um ársreikninga*). Olís tekur sundurliðaðan launakostnað einungis fram í skýringum og má því ætla að Olís nýti sér starfssemiskostnaðarflokkun. Félagið notast þó ekki við aðferðina að öllu leyti þar sem að afskriftir Olís eru sérstaklega teknar fram sem sér liður í rekstrarreikningi (Olíuverzlun Íslands, 2013). Þar sem að ársreikningur N1 inniheldur bæði afskriftir sem og laun og launatengd gjöld má áætla að félagið fari eftir tegundaflokkun. N1 sundurliðar einnig laun og launatengd gjöld sín í skýringum þar sem að einungis kemur fram ein samtala í rekstrarreikningi (N1, 2013).

### *Gangvirðisbreyting hlutabréfa*

Bæði félögin hafa á meðal fastafjármuna hjá sér eignarhluti í öðrum félögum. Þá virðist vera sem að N1, sem skilar samkvæmt IFRS, geri gangvirðisbreytingu á sínum eignarhlutum en Olís gerir ekki slíkt (N1; Olíuverzlun Íslands, 2013).

36. gr. íslenskra ársreikningalaga segir, eins og áður hefur komið fram, að þegar fjármálagerning er aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða hagnast á skammtímaverðbreytingum sé heimilt að færa slíkan gerning á gangvirði (*Lög um ársreikninga*). Þar sem að hlutabréfaeignin sem hér um ræðir er flokkuð meðal fastafjármuna telst ólíklegt að þau skilyrði sem að íslensk ársreikningalög setji eigi við eða að Olís kjósi einfaldlega ekki að beita þessari heimild. Staðall IAS 39 segir hins vegar til um að félag skuli meta fjáreignir, þar með talin hlutabréfaeign í öðrum félögum, á gangvirði. Þá segir hann einnig til um að félög þurfi, í ákveðnum tilvikum, að færa gangvirðisbreytingu sem kann að myndast vegna slíkra fjáreigna í gegnum rekstrarreikning sinn á ári hverju. Þessar gangvirðisbreytingar eru ýmist færðar sem tekjur eða gjöld, eftir því hvernig gangvirði fjáreigna þróast á árinu (IAS 39, 2014a).



## **Efnahagsreikningur**

Eftir að hafa farið lið fyrir lið í gegnum efnahagsreikninga félaganna fundust lítið af breytingum sem að rekja mátti til mismunandi regluverka. Það kom þó fyrir einn liður sem að vakti athygli en sá reikningsliður hefur ekki komið við sögu fyrir í þessari rannsóknarvinnu.

### *Rekstrarfjármunir til sölu*

Í efnahagsreikningi N1 var að finna reikningslið meðal veltufjármuna sem nefndur er rekstrarfjármunir til sölu. Samkvæmt skýringum er um að ræða fasteign sem líklega verður seld á komandi ári og ber því að flokka meðal veltufjármuna (N1, 2013).

Íslensk ársreikningalög innihalda hvergi leiðbeiningar eða reglur sem tengjast slíkri flokkun. Þó er sérstakur staðall meðal IFRS sem að talar um þessa flokkun. Þar er um að ræða staðal IFRS 5 en hann ber einnig heitið fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi. Samkvæmt þessum staðli skal félag flokka rekstrarfjármuni meðal veltufjármuna sem reikningsliðin rekstrarfjármunir til sölu ef félagið telur að virði fjármunarins muni frekar skila sér til baka í sölu fremur en með áframhaldandi notkun og hættir því að afskrifa hann (IFRS 5, 2014b). Þetta þykir gefa gleggri mynd af efnahagi félagsins þar sem að félagið horfir ekki á þessar eignir sínar eins og aðrar sem notaðar eru til áframhaldandi notkunar. Þrátt fyrir að við þetta bætist nýr reikningsliður er líklegt að hann sé til hins betra og gefi skýrari mynd af félaginu.

## **Skýringar**

Mikill munur er á fjölda skýringa á milli ársreikninga. Þá eru skýringar hjá Olís, sem gerir upp samkvæmt íslenskum ársreikningalögum, á 7 blaðsíðum. Á móti er ársreikningur N1, sem gerður er samkvæmt IFRS með 26 blaðsíður af skýringum (N1; Olíuverzlun Íslands, 2013).

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

Líkt og áður hefur komið fram ber félögum sem gera upp samkvæmt IFRS að upplýsa í skýringum sínum að félagið fylgi öllum tilsettum stöðlum. Eins komu fram sömu skýringar hjá N1 er varða mat og ákvarðanir á reikningsskilareglum og gangvirði. (N1, 2013)

Skýring sem ekki kom fram í aðferð 1 en er núna á meðal skýringa um grundvöll reikningsskilanna hjá N1 fjallar um áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Þá er fjallað um að ársreikningurinn sé gerður á þeim grundvelli að félagið muni starfa áfram og hafi getu til þess. (N1, 2013) Staðall IAS 1 fjallar meðal annars um grundvöll reikningsskilanna en þar er að finna leiðbeiningar um skýringuna er tengist áframhaldandi rekstrarhæfi. (IAS 1, 2014c)

### *Virðisrýrnun*

Samkvæmt IFRS eiga félög að kanna hvort að vísbendingar séu fyrir því að færa þurfi niður ákveðnar eignir vegna virðisrýrnunar. Séu slíkar vísbendingar til staðar þurfa félög að fylgja staðli IAS 36 sem fjallar um virðisrýrnun eigna við framkvæmd virðisrýrnunarprófa. Ef slík virðisrýrnun á sér stað er hún gjaldfærð í rekstrarreikningi. (IAS 36, 2014e) Þessi virðisrýrnun sem hér um ræðir á ekki við um birgðir og skatteign. IFRS kveður þó á um að árlegt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild sé framkvæmt. Fram kemur í skýringum hjá N1 að á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort að til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna eða annarra eigna félagsins. Þá á reikningsliðurinn viðskiptavild ekki við og þarf félagið þar af leiðandi ekki að framkvæma árlegt virðisrýrnunarpróf. (N1, 2013)

### *Fjáreignir og fjárskuldir*

Í ársreikningi N1 er að finna nokkuð ítarlegt yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldir félagsins. Þá er útlitun á þeim reikningsliðum sem tilgreindir eru á gangvirði og hvert bókfært verð hvers reikningsliðar er. Þeir liðir sem færðir eru á gangvirði eru í þessu tilviki skuldabréfaeign og eignarhlutir í öðrum félögum. Félagið birtir yfirlit fyrir núverandi reikningsár sem og árið á undan (N1, 2013). IFRS 7 segir að félög eigi að veita ýmsar upplýsingar um fjáreignir og fjárskuldir sínar í skýringum (IFRS 7, 2014c).

### *Skammtímaskuldir*

IAS 1 segir til um að skammtímaskuldir skuli vera útlistaðar hvort sem það sé í skýringum eða efnahagsreikningi (IAS 1, 2014c). Talsvert meira niðurbrot er í efnahagsreikning N1 heldur en almennt er en þá er að finna frekari sundurliðun í skýringum (N1, 2013).

### *Sölu- og dreifingakostnaður ásamt öðrum rekstrarkostnaði*

Í skýringu hjá N1 um sölu- og dreifingakostnað er að finna útlitun á því hvernig kostnaðarliðirnir flokkast. Kostnaðinum er skipt í þrjá þætti, dreifingakostnað, markaðskostnað og viðhaldskostnað. Annar rekstrarkostnaður er greindur niður á aðra liði sem að eru tengdir rekstrarkostnaðinum (N1, 2013). Þessa liði er einnig að finna í rekstrarreikningi Olís. Þó setur síðarnefnda félagið ekki fram nánari útlitun á því hvað felst í þeim reikningsliðum (Olúverzlun Íslands, 2013). Líkt og farið var í hér að ofan er þessi flokkun tengd við þær mismunandi flokkunaraðferðir sem staðall IAS 1 gerir grein fyrir (IAS 1, 2014c).

### *Viðskiptakröfur*

Skýring N1 á viðskiptakröfum sýnir sundurliðun á viðskiptakröfum félagsins. Þar er tekið fram nafnverð útistandandi krafna ásamt því að þar kemur fram að 35% af stöðu viðskiptakrafna í árslok séu vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þá er einnig tekið fram hver niðurfærsla vegna viðskiptakrafna sem að kunna að tapast sé sem og aldursgreining viðskiptakrafna. Eins er að finna flokkun á viðskiptakröfum eftir þeim atvinnugreinum sem að viðskiptavinurinn starfar í (N1, 2013). Samkvæmt IFRS 7 segir að viðskiptakröfur skuli sýndar annað hvort í efnahagsreikningi eða í skýringum. Þar sem efnahagsreikningurinn sýnir einungis eina samtölu inniheldur skýringin nánari útlistun (IFRS 7, 2014c).

Í ársreikningi Olís er að finna stutta textaskýringu þar sem að segir að viðskiptakröfur félagsins séu færðar niður eftir því sem að við á. Eins má finna skýringu með afstemmingu á niðurfærslureikningi félagsins. (Olúuverzlun Íslands, 2013) Af þessu má sjá að mikill munur er á milli regluverka þegar kemur að upplýsingum um viðskiptakröfur og niðurfærslur þeirra. Mun ítarlegri upplýsingar er að finna í ársreikningi N1 en telja má að slíkar upplýsingar gefi mun gleggri mynd af raunverulegri stöðu félags.

## **Niðurstöður – HB Grandi og Samherji**

### **Rekstrarreikningur**

#### *Flokkun rekstrarkostnaðar*

Líkt og farið var í hér að ofan leyfa bæði íslensk ársreikningalög og IFRS mismunandi flokkun kostnaðar á rekstrarreikningi. Í ársreikningi Olís mátti sjá að félagið nýtti sér starfssemiskostnaðarflokkun að hluta til þar sem laun og launatengd gjöld dreifðust á aðra kostnaðarliði rekstrarreikningsins. Félagið skiptir hins vegar ekki afskriftum niður á aðra kostnaðarliði líkt og IAS 1 kveður á um (IAS 1, 2014c). Á sama hátt nýtir Samherji einungis hluta af starfssemiskostnaðarflokkuninni en í rekstrarreikning félagsins er ekki að finna laun og launatengd gjöld en afskriftir eru sýndar sem sérstakur gjaldaliður (Samherji Ísland, 2013).

HB Grandi notast einnig við starfssemiskostnaðarflokkun í rekstrarreikningi sínum. Félagið gerir þó rekstrarreikninginn ekki upp að hluta samkvæmt aðferðinni líkt og Olís og Samherji. Í rekstrarreikningi HB Granda eru hvorki reikningsliðirnir afskriftir né laun og launatengd gjöld. Það má því sjá að félagið, sem gerir upp samkvæmt IFRS, haldi algjöru samræmi milli staðlanna og reikningsskila sinna en ekki einungis að hluta til líkt og hin félögin gera sem að skila reikningum sínum samkvæmt íslenskum ársreikningalögum (HB Grandi, 2013).

## Efnahagsreikningur

### *Lífrænar eignir*

Lífræn eign er skilgreind sem lifandi vera hvort þá heldur dýr eða planta samkvæmt skilgreiningu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. IAS 41 segir þá að félögum beri að aðgreina slíkar eignir frá öðrum munum sem að félagið kann að eiga. Lífrænar eignir skulu færðar á gangvirði að frádregnum framleiðslukostnaði hafi félagið þann kost að meta gangvirði þeirra á áreiðanlegan hátt. Geti félag hins vegar ekki metið gangvirði lífrænna eigna á áreiðanlegan hátt skulu þær eignir færðar á kostnaðarverði (IAS 41, 2014f).

Í ársreikning Samherja er hvergi að finna upplýsingar um lífrænar eignir þeirra. Samherji er engu að síður með fiskeldi en félagið starfrækir meðal annars klakstöð, þrjár seiðaeldisstöðvar og þrjár áframeldisstöðvar („Fiskeldi Samherji“, 2015). Gerði félagið upp samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þyrfti það að tilgreina þessar lífrænu eignir sínar sem sér reikningslið.

Í ársreikningi HB Granda er hins vegar að finna reikningsliðinn lífrænar eignir bæði meðal fastafjármuna og veltufjármuna. Samkvæmt skýringum úr ársreikningi félagsins er klakfiskur færður meðal fastafjármuna á gangvirði. Gangvirði klakfisksins byggist á þekktu markaðsverði, reynslutölum um hrognamagn og áætluðum kostnaði við framleiðsluna. Meðal fastafjármuna má einnig finna hrogn og smálax sem félagið hyggst nýta til hrognaframleiðslu í framtíðinni og eru þær eignir færðar á sama hátt og klakfiskurinn.

HB Grandi færir einnig lífrænar eignir undir veltufjármuni. Þær eignir eru hrogn og seiði sem félagið áætla að munu ganga kaupum og sölu næstu 12 mánuði (HB Grandi, 2013).

## Skýringar

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

Eins og áður hefur verið rætt eru nokkur grundvallaratriði sem þurfa að vera til staðar í skýringum samkvæmt staðlinum IAS 1. Hér verður sama breyting á þeim grundvallarskýringum sem áður hafa komið fram. Hér er átt við þær skýringar sem snúa að mati og ákvörðun gangvirðis ásamt yfirlýsingu um að IFRS sé fylgt.

### *Lífrænar eignir*

Í ársreikningi HB Granda er að finna tvær skýringar er varða lífrænar eignir. Annars vegar er um að ræða textaskýringu og hins vegar útlistun á gangvirði hinna ýmsu lífrænu eigna (HB

Grandi, 2013). Þessi skýring kemur ekki fram í ársreikningi Samherja þó svo að félagið eigi vissulega eignir sem flokka ætti meðal lífrænna eigna eins og kom fram hér að ofan. Þennan mun má rekja til eignfærslu skilyrða sem staðallinn IAS 41 kveður á um (IAS 41, 2014f).

### *Önnur atriði*

Aðrar skýringar sem að settar voru fram í ársreikningi HB Granda en komu ekki fram í ársreikningi Samherja voru þær sömu og komu fram í aðferð 1 og í fyrri hluta þessa kafla. Þar er hægt að nefna atriði eins og skammtímakröfur, annar rekstrarkostnaður, virðisrýrnun, tengdir aðilar, hlutdeildafélög og fjáreignir og fjárskuldir. Þar sem að þessar skýringar eru til staðar af sömu ástæðum og komið hefur nú þegar fram þótti ekki ástæða til þess að útlista þau atriði aftur.

### **Umræða**

Eins og sjá má af ofangreindum niðurstöðum voru að finna nýjar, sem og staðfestingar, á mismun milli regluverka. Eins og talið var komu fram aðrar breytingar sem ekki voru að finna í aðferðarkafli 1.

Þá ber fyrst að nefna hina mismunandi flokkunaraðferð sem að bæði regluverk leyfa. Áhugavert var að sjá samræmi milli regluverkanna þar sem bæði regluverkin samþykkja þessar mismunandi flokkanir. Þá sýndu niðurstöðurnar fram á það að íslensk ársreikningalög setja félögum ekki jafn formfastan ramma er kemur að flokkun kostnaðar. Skemmtilegt þótti að sjá að það félag sem skilar ársreikningi samkvæmt IFRS fylgdi þeim leiðbeiningum sem finna má í IAS 1 um kostnaðarflokkun til hins ýtrasta. Á móti komu félögin sem skiluðu samkvæmt íslenskum ársreikningalögum og fylgdu þá aðferðinni einungis að hluta til.

Þá var að finna svipaðan mun á milli regluverka er varðar gangvirðisbreytingu. Gangvirðisbreytingin kemur í nýju birtingarformi í þessum aðferðarkafli en hér birtist hún í gangvirðisbreytingu hlutabréfa. Hér hefur gangvirðisbreytingin engin teljanleg áhrif á afkomu N1 öfugt við aðferðarkafli 1 þar sem að þessi breyting sveiflaði afkomu töluvert. Engu að síður þarf að hafa í huga þær afleiðingar sem nefndar voru í aðferðarkafli 1 er varða huglægt mat stjórnenda á ákvörðun gangvirðis og þá óvissu sem kann að vera til staðar.

Einnig þótti áhugavert að sjá mun útlistunar á viðskiptakröfum og niðurfærslum þeirra á milli regluverka. Athygli vakti hversu greinargóðar upplýsingar voru settar fram í ársreikningi N1. Með slíkar upplýsingar er mögulegt fyrir lesanda að meta mögulega tapsáhættu félagsins út frá sínum eigin forsendum. Eins og fram kom í niðurstöðukafla var niðurfærsla

viðskiptakrafna sundurliðuð eftir atvinnugreinum og þykir það einkar fræðandi upplýsingagjöf. Á móti veitir Olís einungis afstemmingu á niðurfærslureikningi en lítil not eru í þeim upplýsingum og er því erfitt fyrir lesanda að meta tapsáhættu félagsins út frá sínum eigin forsendum.

Að lokum ber að nefna töluverða breytingu í uppsetningu efnahags hjá sjávarútvegsfélögunum er varðar lífrænar eignir. Þessi reikningsliður hefur ekki áhrif á afkomu félaganna en um er að ræða nánari flokkun á eignarliðum.

Ætla mátti að slík flokkun eigna sé óþörf í þessu samhengi. Hér er einungis um að ræða sundurliðun á eignastöðu félagsins og hefur slík breyting engin áhrif á efnahag félagsins. Þar sem að um svipaðar eignir er að ræða á meðal annarra eignaliða gæti þetta talist þýðingarlaust. Þessi flokkun gæti talist tímafrek og kostnaðarsöm fyrir félagið og gæti ekki skilað jafn miklum ábata til baka. Flokkun sem þessi gæti átt betur við þegar um annars konar eignir er að ræða. Sem dæmi má nefna uppbyggingu nytjaskógar. Slíkt krefst langrar uppbyggingar en talsverður tími getur liði frá því að tré er gróðursett þar til hægt sé að nýta það. Þá þætti gott að geta flokkað annars vegar tré sem að eru í uppvexti, frá þeim sem að búið er að höggva. Þar sem að eignirnar þjóna ólíkum tilgangi fyrir félagið þykir rétt að aðskilja þær í efnahagsreikningi félagsins sökum þess hve langur tími fer í uppvöxt.

Að loknum aðferðakafli 2 var ákveðið að skoða annað sjónarhorn á efninu. Það þóttu enn vera ósvaraðar spurningar og talið að ennþá væri hægt að auka á alhæfingagildi hinna ýmsu liða. Í framhaldi af þessari aðferð var því farið í enn aðra rannsóknarvinnuna þar sem tekið var fyrir nýtt sjónarhorn.

## **Aðferð 3**

### **Samanburður á IFRS innan sömu atvinnugreinar**

Í hinum þriðja aðferðarkafli er leitast eftir frekari staðfestingu á fyrrgreindum niðurstöðum ásamt því að skoða hvort frekari mismun er að finna í reglum IFRS. Þá er hér tekinn samanburður á félögum sem bæði skila ársreikningum sínum í samræmi við IFRS. Ástæðan fyrir þessari aðferð er sú að leitast er eftir því að kanna hvort að mismunandi aðferðum getur verið beitt innan staðlanna. Aðferð 3 kemur í beinu framhaldi af aðferðum 1 og 2 en líkur eru á því að þessi aðferð muni styrkja niðurstöður fyrri aðferða.

Til þess að gæta samræmis mun uppsetning aðferðar 3 vera með svipuðu móti og fyrri aðferðir. Eins og áður kom fram mun þessi aðferð einungis innihalda félög sem fara eftir IFRS við reikningsskil sín. Líkt og í aðferð 2 var ákveðið að tekin væru tvö tilvik í samanburðinum til þess að reyna að fá sem víðtækastar niðurstöður. Eins verður samræmis gætt á þann hátt að félögin sem borin eru saman starfa á sama markaði, sem gerir niðurstöðurnar sem áreiðanlegastar.

Fyrstu félögin sem voru borin saman eru fjarskiptafélögin Fjarskipti hf. og Skipti hf. Bæði félögin skila ársreikningum sínum í samræmi við IFRS en Fjarskipti hf er einnig skráð á íslenskan hlutabréfamarkað. Seinni félögin sem tekin voru fyrir eru fasteignafélögin Eik hf. og Reginn hf. Reginn hf., líkt og Fjarskipti, er einnig skráð á íslenskan hlutabréfamarkað. Rétt er þó að benda á meðan verkefni þetta er skrifað stefnir Eik á skráningu á íslenskan hlutabréfamarkað en áætlað er að skráningin muni eiga sér stað þann 29. apríl 2015 („Eik fer í Kauphöllina 29. apríl“, 2015).

Í þessari aðferð, líkt og í aðferð 2, verður notast við nýlega ársreikninga og því ættu niðurstöður að gefa skýra mynd af nýjustu stöðlum IFRS. Hér er skoðað hvort að fjölbreytni er leyfð í reikningsskilum og í hvaða mynd hún sést þá. Einnig er hér leitast eftir því að finna frekari staðla sem að skipta máli við gerð og framsetningu reikningsskila. Samanburður þessarar aðferðar er ólíkur fyrri aðferðum að því leyti að hér er frekar horft til uppsetningar og framsetningar fremur en flokkunar einstakra reikningsliða. Ástæðan fyrir því er sú að líkur eru á því að flokkun ætti að vera mjög lík þar sem að farið er eftir sama regluverkinu.

### **Þátttakendur**

Í þessum aðferðarkafli eru alls fjórir þátttakendur, líkt og í aðferð 2. Í fyrsta lagi er um að ræða fjarskiptafélögin Fjarskipti hf, hér eftir Fjarskipti, og Skipti hf, hér eftir Skipti. Í öðru lagi verða skoðuð fasteignafélögin Eik hf, hér eftir Eik, og Reginn hf, hér eftir Reginn. Félögin voru valin af hentugleika en ástæðan fyrir valinu er sú að um er að ræða félög sem að starfa á sama markaði, í svipaðri starfsemi og skila ársreikningum sínum með sama regluverkinu.

### **Mælitæki**

Líkt og áður eru mælitækin sem stuðst er við ársreikningar félaganna. Í aðferðarkafli 3 er notast við ársreikninga Fjarskipti hf og Skipti hf frá árinu 2014. Eins eru skoðaðir ársreikningar ársins 2014 hjá bæði Eik hf og Reginn hf.

## **Framkvæmd**

Samanburðurinn var framkvæmdur í tveimur hlutum. Annars vegar var framkvæmdur samanburður á milli Fjarskipti og Skipti en hins vegar á milli Eik og Reginn. Hvor hluti var framkvæmdur á sama hátt.

Byrjað var á því að skoða rekstrarreikning félaganna. Þar var leitast eftir því að skoða hvernig uppsetningu væri háttáð og hvort um frábrugðna uppsetningu væri að ræða á milli félaga. Eins var horft til þess hvort að framsetningin væri í svipaðri mynd. Samhliða þessu var einnig skoðað hvort að sérstakir reikningsliðir innihéldu mismunandi stærðir.

Líkt og í fyrri aðferðum var á eftir rekstrarreikningunum skoðaðir efnahagsreikningar félaganna. Þar var farið í gegnum flokkun, framsetningu og uppsetningu ásamt því að skoðaðir voru hinir helstu reikningsliðir. Samanburðurinn var framkvæmdur með niðurstöður fyrri aðferða til hliðsjónar.

Þá var farið í gegnum þær skýringar sem að eru til staðar í hvorum ársreikningi fyrir sig. Farið var yfir skýringarnar og kannað hvort að sambærilegar skýringar væru til staðar í samanburðar ársreikningnum. Þar var leitast eftir því að komast að því hvort að mismunandi framsetning skýringa væri leyfð, sem og að kanna hvort að einhverjar auka skýringar væru til staðar.

Að lokum var farið í gegnum sjóðstreymisyfirlit félaganna. Þar var horft á hina helstu reikningsliði og skoðað hvort að hver liður innihéldi sömu stærðir. Eins var horft til uppsetningar sjóðstreymis og athugað hvort að fleiri en ein rétt leið væri við uppsetningu þess.

## **Niðurstöður – Skipti hf og Fjarskipti hf**

Niðurstöður þóttu vera í miklu samræmi við það sem talið var í upphafi aðferðarkafans. Líkt og talið var sýndu niðurstöður að sérstakir reikningsliðir innihéldu í flestum tilfellum sömu stærðir en framsetning var oft á tíðum með breytilegum hætti.

## **Rekstrarreikningur**

### *Flokkun rekstrarkostnaðar*

Hvorugt félagið sýnir afskriftir né laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi sínum og má því áætla að um starfssemiskostnaðarflokkun sé að ræða. Eins og áður hefur komið fram



fjallar IAS 1 um slíka kostnaðarflokkunar aðferðir. (IAS 1, 2014c) Hér að ofan hefur verið farið í gegnum þann mun sem að liggur á milli aðferða og þá mismunandi framsetningu sem þeim fylgir. Þar var meðal annars fjallað um ýmsar leiðir sem að félög notast við í kostnaðarflokkun sinni. Þá hafa einungis félög, í úrtaki þessa verkefnis, sem skila ársreikningum sínum í samræmi við IFRS, sem að sést hefur hér hingað til, fylgt starfssemiskostnaðarflokkuninni til hlítar.

### *Sundurliðun*

Það er ekki mikill munur á uppsetningu rekstrarreikninga félaganna en þó er að finna í nokkrum liðum nánari sundurliðun í ársreikningi Skipta. Má þar meðal annars nefna að virðisrýrnun á óefnislegum eignum er sérstaklega tekin fram hjá Skiptum en í ársreikningi Fjarskipta er sá liður hvergi tekinn fram. Í báðum tilvikum er reikningsliðurinn þó á núlli en til virðisrýrnunar kom hjá Skiptum á fyrra rekstrarári. Eins ber að nefna að sundurliðun fjármagnsgjalda er mun meiri hjá Skiptum. Skipti sýna gangvirðisbreytingu vegna gjaldmiðlaskiptasamninga og gengismun sem sérstaka reikningsliði. Fjarskipti sýnir hins vegar ekki þessar samtölur í rekstrarreikningi en reikningsliðina er einungis að finna í skýringum (Fjarskipti; Skipti, 2014).

### *Heildarafkoma*

Einnig er að finna misjafna framsetningu á yfirliti um heildarafkomu. IFRS félög eiga að birta yfirlit sem nefnist yfirlit um heildarafkomu. Fjarskipti birtir sérstakt yfirlit um heildarafkomu sína þar sem að teknar eru saman lykiltölur og þær birtar í sérstakri töflu. Skipti birtir í raun sama yfirlit en sýnir það ekki í sérstakri töflu. Skipti sýnir þessar samtölur einungis innan rekstrarreiknings síns. IAS 1 segir til um að birta eigi yfirlit um heildarafkomu félagsins en þar bætast við aðrir liðir sem hafa áhrif á heildarafkomuna. Má þar nefna þýðingarmun vegna starfsemi erlendra dótturfélaga en það er reikningsliður sem bæði félögin sýna en ekki á sama hátt (Fjarskipti; Skipti, 2014). Hér er um að ræða tvær nálganir fyrir þetta yfirlit en báðar eru leyfilegar samkvæmt IFRS (IAS 1, 2014c).

### *Hlutdeildarfélög*

Í rekstrarreikningi Fjarskipta er hvergi hægt að finna upplýsingar er varða hlutdeildarfélög félagsins. Samkvæmt IAS 1 ætti að birta þau áhrif sem verða vegna hlutdeildarfélaga á afkomu félagsins sem og þau áhrif sem félagið hefur á afkomu hlutdeildarfélaga (IAS 1, 2014c). Miðað við þessa framsetningu má áætla að Fjarskipti eigi ekki nein hlutdeildarfélög. Slíkt yfirlit er að finna í ársreikningi Skipta (Skipti, 2014).

## Efnahagsreikningur

### *Fastafjármunir*

Þegar farið var í gegnum fastafjármuni félaganna voru nokkur atriði sem að virtust sett fram á misjafnan hátt. Þá ber fyrst að nefna óefnislegar eignir. Fjarskipti flokkar viðskiptavild á meðal óefnislegra eigna. Skipti setur viðskiptavild fram sem sérstakan reikningslið á meðal fastafjármuna sinna (Fjarskipti ;Skipti, 2014). IAS 38 fjallar um óefnislegar eignir en þar kemur hvergi fram hvora leiðina eigi að fara. Þar kemur þó fram að óefnislegar eignir skuli færa á meðal fastafjármuna, sé nýtingartími þeirra lengri en 12 mánuðir (IAS 38, 2014b). Staðallinn nær ekki til viðskiptavildar sem myndast við samruna félaga en um slíkt er fjallað í IFRS 3 (IFRS 3, 2014d). Þetta á samt sem áður ekki við í þessu tilviki þar sem ekki er um að ræða samruna á reikningsárinu.

Síðara atriðið sem að sett er fram á mismunandi vegu eru aðrar fjáreignir. Undir öðrum fjáreignum flokkast fjárfestingar og verðbréf. Þennan flokk er einungis að finna í ársreikningi Skipta en fjárfestingar og verðbréf er ekki að finna í reikningsskilum Fjarskipta. Svo virðist vera sem að Fjarskipti eigi enginn hlutdeildarfélög og líklega er það ástæðan fyrir því að þennan lið er hvergi að finna.

### *Veltufjármunir*

Veltufjármunir félaganna er sett upp á mjög svipaðan hátt. Eini liðurinn sem er ólíkur á milli félaga er að Fjarskipti setur fram eina samtölu fyrir viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur. Skipti hefur þessa liði aðgreinda en setur hvorn lið fyrir sig meðal veltufjármuna.

### *Skammtímaskuldir*

Líkt og í veltufjármunum eru liðirnir mjög svipaðir en einn liður breytist lítillega. Fjarskipti setur eina samtölu fyrir viðskiptaskuldir og aðra fyrir skammtímaskuldir. Skipti hefur þessa reikningsliði aðgreinda.

Fjarskipti sýnir í skuldum sínum reikningsliðin fyrirframinnheimtar tekjur. Um er að ræða greiðslur sem að hafa nú þegar borist félaginu frá viðskiptavinum en þjónusta vegna þeirra hefur ekki verið veitt. Skipti sýnir ekki slíkan reikningslið í ársreikningi sínum (Fjarskipti; Skipti, 2014).

## Skýringar

### *Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu*

Liðurinn kostnaðarverð seldra vara og þjónustu er settur fram sem ein skýring í ársreikningi Fjarskipta. Þar er að finna útlístun á þeim atriðum sem að felast í liðnum. Í ársreikningi Skipta er þessa skýringu hvergi að finna. Þar eru afskriftir ásamt launum og launatengdum kostnaði dreift inn á aðrar skýringar eftir því hvernig þeim liðum er skipt. Sem dæmi má finna þann launa og launakostnað sem skiptist niður á kostnaðarverð seldra vara undir skýringunni laun og annar starfsmannakostnaður. Þar sem að bæði félögin notast við starfssemiskostnaðarflokkun þá þurfa félögin samkvæmt IAS 1 að sýna skiptingu kostnaðarliðanna (IAS 1, 2014c). Þetta gera bæði félögin en framsetningin er ólík (Fjarskipti; Skipti, 2014).

### *Óefnislegar eignir*

Eins og kom fram hér að ofan þá sýnir Skipti viðskiptavildina sem sér reikningslið í efnahagsreikningi félagsins. Þrátt fyrir það fylgir liðnum sama skýring og sem fylgir óefnislegum eignum. Í ársreikningi Skipta er þessi skýring sundurliðuð á óefnislegum eignum sem eru viðskiptavild, hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir. Fjarskipti skiptir þá óefnislegum eignum sínum í tvennt, miðað við skýringuna, en þar er einungis að finna sundurliðun á viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum. Má því áætla að hugbúnaður félagsins flokkist undir aðrar óefnislegar eignir.

### *Fjárfestingar og verðbréf*

Skýringuna fjárfestingar og verðbréf er einungis að finna í ársreikningi Skipta. Líkt og kom fram hér að ofan eru Skipti hf einungis með hlutdeildarfélög. Svo virðist sem að Fjarskipti eigi ekki hlutdeildarfélög. Af þessum ástæðum þykir ekkert athugavert við það að þessa skýringu vanti í ársreikning Fjarskipta (Fjarskipti; Skipti, 2014).

### *Tengdir aðilar*

Samkvæmt IAS 24 sem að fjallar um tengda aðila koma fram leiðbeiningar um það hvernig eigi að tilgreina þá. Þar kemur einnig fram ítarleg skilgreining á því hverjir teljist vera tengdir aðilar. Félag á að greina frá heildar hlunnindum lykilstjórnenda sem og launagreiðslur til þeirra á árinu. Þá þarf að greina frá eftirlaunaskuldbindingu til þeirra og annarra langtíma skuldbindinga. Einnig þarf að gefa upp starfslokasamninga ásamt greiðslum vegna hluta þeirra í félaginu. Í staðlinum segir einnig að hafi félag átt viðskipti við tengda aðila annarra

en þeirra sem eru innan samstæðunnar þarf félagið að tilgreina upphæð viðskiptana, útistandandi kröfur ef einhverjar eru og skuldir við tengda aðila (IAS 24, 2014d).

Í skýringu um tengda aðila hjá Fjarskiptum má finna laun og hlunnindi stjórnarmanna og lykilstjórnenda félagsins. Einnig er þar að finna fjölda hluta sem þeir aðilar eiga í félaginu. Eins koma þar fram þau heildar viðskipti sem félagið hafði átt við sína tengdu aðila á reikningsárinu. Ekki er tekin fram sundurliðun á þessum viðskiptum né útlistaðar skuldir eða útistandandi kröfur. Í sömu skýringu fyrir félagið Skipti er að finna sundurliðun við stærsta lánveitanda félagsins. Þar er tilgreind seld þjónusta, vaxtagreiðslur, útistandandi kröfur og skuldir í árslok. Þó er ekki að finna laun og hlunnindi stjórnar og lykilstjórnenda félagsins í þessari skýringu. Einungis er vísað í skýringuna laun og annar starfsmannakostnaður en þar er hvergi að finna sundurliðun heldur er þar aðeins að finna heildarupphæð launa (Fjarskipti hf; Skipti hf, 2014). Ástæðuna fyrir þessu má rekja til þeirra reglna sem að Kauphöll Íslands setur félögum sem skráð eru á markað. Í þeim reglum segir að í ársreikningum skuli tilgreina um laun stjórnarmanna og æðsta stjórnanda, hvers konar hlunnindi þeir búa að frá félaginu ásamt öðrum samningum sem kunna að verða á milli félags og stjórnarmanna á reikningsárinu. Þá segir einnig að tilgreina skuli um laun og hlunnindi annarra stjórnenda félagsins (NASDAQ OMX ICELAND HF, 2013).

## Niðurstöður – Eik hf og Reginn hf

### Rekstrarreikningur

#### *Flokkun rekstrarkostnaðar*

Við yfirferð rekstrarreikninga félaganna kom í ljós að hvorugt tekur fram launakostnað sem sér lið í sínum rekstrarreikningi. Í rekstrarreikningi Eikar er þó að finna reikningsliðinn afskriftir en hann er ekki að finna í rekstrarreikningi Regins. Sökum þessa var kannað hvort um væri að ræða starfssemiskostnaðarflokkun fyrir bæði tilvik. Þar kom í ljós að í rekstrarreikningi Eikar er einungis að finna eina samtölu sem kallast annar rekstrarkostnaður. Í þeim lið er meðal annars allur launakostnaður félagsins. (Eik, 2014) Af þessu má því ætla að félagið Eik notast við tegundaflokkun. Eins og áður hefur komið fram fjallar staðallinn IAS 1 um slíka flokkun en gert var grein fyrir þeirri mismunandi flokkun í aðferð 2 hér að ofan. Reginn notast hins vegar við starfssemiskostnaðarflokkun. Samkvæmt skýringum dreifist launakostnaður félagsins á milli reikningsliðanna rekstrarkostnaður fjárfestingaeigna og stjórnunarkostnað. Þá dreifist kostnaðarliðurinn afskriftir á eignir félagsins. Hér er því um

að ræða sitt hvora gerð kostnaðarflokkunar hjá félögunum en ekki starfssemiskostnaðarflokkun líkt og fyrst var talið (Reginn, 2014).

### *Hlutdeildarfélög*

Í ársreikningi Eikar er að finna yfirlit yfir hlutdeildarfélög félagsins (Eik, 2014). Þennan reikningslið er ekki að finna í ársreikningi Regins né í skýringum. Má því ætla að líkt og Fjarskipti eigi Reginn hf enginn hlutdeildarfélög.

### **Efnahagsreikningur**

#### *Matsbreyting*

Samkvæmt ársreikningnum hjá Reginn þá falla allar fjárfestingareignir undir þriðja þrep í flokkunarkerfi gangvirðismats en staðallin IFRS 13 fjallar um slíkt mat. Skilgreiningin á þriðja þrepi í flokkunarkerfinu er sú að ekki er hægt að meta gangvirði út frá áreiðanlegum markaðsupplýsingum (IFRS 13, 2014a). Þá segir í staðli IAS 40 sem fjallar um fjárfestingareignir, að geti félag ekki metið gangvirði á áreiðanlegan hátt skuli það notast við aðra matsaðferð við virðismat eigna (IAS 40, 2014g). Eik notast við aðra tegund matsaðferða en þeir meta gangvirði út frá markaðsvirði hliðstæðra eigna á virkum markaði (Eik; Reginn, 2014). Ástæðu þess að félögin notast við misjafnar matsaðferðir við áætlun gangvirðis má rekja til ólíks eignasafns félaganna. Eins og fram kom í grein í viðskiptahluta mbl.is eftir Stefán E. Stefánsson þann 26. mars 2015 er samsetning eignasafns fasteignafélaganna ólík og því má ætla að erfitt sé að meta þær ólíku eignir með sömu aðferðum.

Í efnahagsreikningi Regins má finna sérstakan reikningslið meðal eigin fjár sem nefnist matsbreyting fjárfestingareigna. Hækkun er á þessum lið frá fyrra rekstrarári en þá hækkun má rekja til jákvæðra matsbreytinga fjárfestingareigna sem færðar eru í gegnum rekstrarreikning. Þennan lið er hvergi að finna á meðal eigin fjár Eikar (Eik; Reginn, 2014).

#### *Tryggingar leigugreiðslna*

Á meðal langtímaskulda Eikar er að finna reikningsliðinn tryggingar leigugreiðslna. Um er að ræða verulega lága upphæð sem hefur ekki teljandi áhrif á efnahagsniðurstöðu félagsins. Líklegt þykir að þessi liður sé einnig í ársreikningi Regins þó svo að liðurinn sé ekki sérstaklega tilgreindur í ársreikningi félagsins. Þar sem að ekki eru aðrir reikningsliðir sem þykja eðlislíkir tryggingum leigugreiðslna á meðal langtímaskulda er það að öllum líkindum ástæða þess að liðurinn er sérstaklega tilgreindur hjá Eik (Eik, 2014).

## Skýringar

### *Gangvirði*

Í ársreikningi Eikar er að finna sundurliðun á bæði bókfærðu verði sem og gangvirði á veltufjármunum sem og skammtímaskuldum (Eik, 2014). Þessa skýringu er ekki að finna í skýringahluta Regins en félagið tilgreinir þó virðisrýrnunarmat meðal annarra skýringa. Staðall IAS 16 segir að félag ætti að veita upplýsingar varðandi eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði til þess að hjálpa lesendum reikningsskilanna. Þá segir einnig að veita ætti upplýsingar um þá tækni sem notast er við í virðismati og þær breytur sem að notast er við (IAS 16, 2014h).

### *Matsbreyting fjárfestingareigna*

Þessa skýringu er að finna undir eigin fjár skýringu í ársreikningi Regins. Áhrif matsbreytinga fjárfestingareigna félaganna eru færð á meðal eigin fjár. Í ársreikningi Regins er hluti áhrifanna færð inn á sérstakan lið á meðal eigin fjár sem ber heitið matsbreyting fjárfestingareigna. Hinn hlutinn færist inn á óráðstafað eigið fé félagsins. Í ársreikningi Eikar færist sú matsbreyting sem að verður á árinu inn á óráðstafað eigið fé félagsins og er hvergi að finna sér tilgreinda matsbreytingu á meðal eigin fjár (Eik; Reginn, 2014).

## Umræður

Ofangreindar niðurstöður leiddu í ljós ákveðinn sveigjanleika sem að hægt er að finna innan IFRS varðandi uppsetningu ákveðinna liða. Sjá má að félög útfæra ýmis atriði á misjafnan hátt og þótti áhugavert að sjá hinar mismunandi útfærslur sem virðast vera leyfðar.

Í ársreikningi beggja fjarskiptafélaga er að finna árlegt virðisrýrnunarpróf óefnislegra eigna en þar á meðal er að finna viðskiptavild félaganna. Nokkra athygli vakti að niðurstöður virðisrýrnunarprófs Fjarskipta sýndi að ekki hefði komið til virðisrýrnunar á viðskiptavild félagsins. Á árinu 2013 kom upp það atvik að innbrot varð á heimasíðu félagsins. Þar tókst óprúttum aðilum að komast yfir mikið magn upplýsinga um notendur. Þar á meðal textaskeyti ásamt notendanöfnum og lykilorðum að þjónustusíðu félagsins. Þessum upplýsingum var síðan dreift á veraldarvefnum. Upplýsingar um þetta mál er einungis að finna í lítilli textaskýringu í lok skýringakafla ársreikningsins. Málið kom upp árið 2013 en samkvæmt ársreikningi það ár kom heldur ekki til virðisrýrnunar á viðskiptavild félagsins. Samkvæmt staðli IAS 36 byggist virðisrýrnunarpróf óefnislegra eigna, og þar á meðal viðskiptavildar, að mörgu leyti á huglægu mati stjórnenda. Þar er einungis tekið fram að í

ársreikningi þurfi að koma fram þær forsendur sem notast er við í prófinu en enginn rökstuðningur fyrir þeim er nauðsynlegur (IAS 36, 2014e). Ástæðan fyrir því að enn hefur ekki komið til virðisrýrnunar er sú að einungis skal virðisrýra ef að málið veldur fjárhagslegum afleiðingum fyrir félagið. Það er enn óvíst hvort félagið verði fyrir slíkum afleiðingum sem hægt er að tengja beint við málið. Þó ber að nefna að stofnað hefur verið málsóknarfélag af hópi fólks sem hefur þá áætlun að höfða dómsmál gagnvart félaginu til þess að fá tjón þeirra bætt vegna innbrotsins („Málsóknarfélag“, 2015).

Þá vakti athygli liðurinn fyrirframinnheimtar tekjur sem að einungis var til staðar í ársreikningi Fjarskipta. Samkvæmt skýringum eru fyrirframinnheimtar tekjur félagsins vegna fyrirframgreiddrar símanotkunar og annarra fyrirframgreiðslna frá viðskiptavinum. Í ársreikningi Skipta er einungis að finna textaskýringu sem greinir frá því að slík flokkun er einnig framkvæmd hjá félaginu. Það er þó hvergi hægt að finna sundurliðun á slíkum reikningslið í ársreikningi Skipta. Þar sem að félögin starfa á sama markaði og stunda sömu kjarnastarfssemi þykir athugasvert að þennan lið sé ekki að finna í ársreikningi Skipta. Miðað við skýringuna hjá Fjarskiptum er fyrirframgreiðslan að einhverjum hluta vegna fyrirframgreiddrar símanotkunar en teljast miklar líkur á að svipaðar tekjur ættu að vera til staðar hjá Skiptum.

Líkt og í ársreikningum fjarskiptafélagana var að finna efnahagslið sem að einungis var til staðar hjá fasteignafélaginu Eik, en ekki hjá Reginn. Um er að ræða liðinn tryggingar leigugreiðsla. Þessi liður myndast þegar leigjandi greiðir tryggingu fyrir leigunni til leigjandans. Leigjandinn heldur þessari upphæð hjá sér á meðan leigutíma stendur og ef allt gengur að óskum endurgreiðir leigjandinn leigjandanum í lok leigutímans. Ef að eitthvað kemur upp á á leigutímanum svo sem skemmd á eignum eða vanskil á leigugreiðslum hefur leigjandinn rétt til þess að nýta sér þessa tryggingu. Samkvæmt íslenskum lögum má krefjast allt að þriggja mánaða tryggingu á leigu. Þar sem að þetta veitir ákveðið öryggi í leigusamningum og verndar leigjandann þykir athugasvert að þennan lið sé hvergi að finna í ársreikningi Regins. Líklegt þykir þó að þennan reikningslið sé að finna innan annars reikningsliðs langtímaskulda. Eins og kom fram í niðurstöðum er ekki að finna eðlislíka reikningsliði í efnahagsreikningi beggja félaga en þar sem að um óverulega fjárhæð er að ræða telst líklegt að slíkar tryggingar flokkist á meðal annarra skuldaliða hjá Reginn.

Nokkra athygli vakti mismunandi meðhöndlun á færslum matsbreytinga fjárfestingaeigna hjá fasteignafélagunum. Eins og áður kom fram færir Eik alla matsbreytingu á óráðstafað eigið fé

á meðan Reginn færir einungis hluta matsbreytingarinnar á óráðstafað eigið fé sitt. Spurningar vöknudu vegna þessarar ólíku meðhöndlunar á því hvort að arðgreiðslumöguleikar séu ólíkir. Arður er greiddur út úr óráðstöfuðu eigin fé félags og því vöknudu þessar spurningar þar sem að staða óráðstafaðs eigin fjár væri hærri hjá Reginn ef að meðhöndlun væri sú sama og hjá Eik. Reginn tilgreinir þó hvergi ástæðu fyrir misjafnri skiptingu matsbreytingarinnar. Miðað við þær upplýsingar sem til eru er ekki hægt að svara þessum spurningum en fróðlegt væri að gera frekari rannsóknir á þessu.

Eins og sjá má eru ýmis atriði sem virðast athugaverð í þessum síðasta aðferðarkafli. Þó ber að hafa í huga að ekki er víst að öll fyrirgreind atriði séu vegna IFRS en margt snýr einungis að ákvarðanatöku stjórnar. Svo virðist sem að IFRS ýti undir að stjórnendur áætli virði sem oftast en ekki er byggt á huglægu mati. Út frá þessu hefur kviknað sú hugmynd hvort að sveigjanleiki sé of mikill í áhrifum sem stjórn hefur á afkomu félagsins. Áhugavert væri að fara í frekari rannsóknir sem kanna þessi atriði en þau eru fyrir utan efni þessa verkefnis.

Þykja þeir 3 aðferðakaflar sem að falla undir þetta verkefni hafa tekið á þeim helstu atriðum sem að eru mismunandi eftir regluverkum. Niðurstöðurnar tala sínu máli um að mismunur sé verulegur á mörgum sviðum en líkir á öðrum. Hér á eftir verður farið yfir þau atriði sem séð var fram á að kæmu út á svipaðan hátt fyrir alla aðferðarkafana. Eins og kom fram í aðferðarkafli 1 verður farið yfir skýringar sem að teljast eins í öllum aðferðum. Þá verður einnig farið yfir sjóðstreymisyfirlit og þær breytingar sem eiga sér stað fyrir yfirlitin milli regluverka.

## **Sjóðstreymisyfirlit**

Íslensk ársreikningalög og IFRS innihalda bæði yfirlýsingar um það hvað skuli vera í sjóðstreymisyfirliti félaga. Bæði regluverkin vinna sem leiðbeinandi upplýsingar við flokkun og uppsetningu yfirlitsins. Fram kemur þó í báðum regluverkum að ársreikningar félaga þurfi að innihalda slíkt.

Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum á félag að horfa til reglna Reikningsskilaráðs er varða inn- og útgreiðslur. Þar segir að félag skuli færa inn- og útgreiðslur félagsins fyrir reikningsárið. Flokka skal hreyfingar rekstrarársins í þrjá flokka. Þá er byrjað á flokknum rekstrarhreyfingar en í þann flokk fara allar þær hreyfingar sem snerta daglegan rekstur félagsins. Meðal rekstrarhreyfinga fara allar breytingar á veltufjármunum félagsins, að



undanskyldu handbæru fé. Þar á eftir koma fjárfestingarhreyfingar félagsins en hér koma allar þær hreyfingar er varða fjárfestingar félagsins. Sem dæmi má nefna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum sem flokkast meðal fjárfestingarhreyfinga. Að lokum koma fjármögnunarhreyfingar félagsins. Í þennan flokk færast þeir liðir er snúa að fjármögnun félagsins. Liðir á borð við lántöku og afborganir lána færast hér ásamt liðum tengdum hlutafé og arðgreiðslum frá félaginu (Félag löggiltra endurskoðenda [FLE], 2004).

IFRS segir frá sjóðstreymisyfirlitum í staðli IAS 7. Við fyrstu sýn er lítill munur á milli íslenskra ársreikningalaga og IFRS. Þá er um sömu flokkun að ræða þegar kemur að rekstrarfjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum. Þá segir staðallinn að flokka skuli innborgaðar vaxtatekjur, greidd vaxtagjöld og greiddan skatt sérstaklega (IAS 7, 2014i).

Í íslenskum ársreikningalögum segir að við þau atriði sem að lögin taka ekki á skuli fara eftir settum reikningsskilareglum. Skilgreiningin á settum reikningsskilareglum eru reglur Reikningsskilaráðs og alþjóðlegir staðlar. Í reglum Reikningsskilaráðs er að finna sérstakar reglur um uppsetningu sjóðstreymis. Þar segir meðal annars að tilgreina eigi sérstaklega greidda skatta á reikningsárinu sem og að skýra frá innborguðum vaxtatekjum og greiddum vaxtagjöldum (FLE, 2004). Reikningsskilaráð hefur þó ekki verið starfandi síðastliðin ár og ekki hefur verið virkt eftirlit með þeim reglum sem að ráðið hefur sett. Má því sjá að ákveðið svigrúm hefur myndast við gerð ársreikninga innan íslenskra ársreikningalaga og félög virðast ekki fylgja öllum þeim reglum sem að ættu yfir þau að ganga.

Þegar farið var í gegnum sjóðstreymisyfirlit félaganna sem voru til skoðunar í þessu verkefni kom í ljós að þau félög sem beittu IFRS tóku þessa liði sérstaklega fram. Þó var undantekning á hjá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem að ekki var að finna liðinn greiddur skattur (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Líklegt þykir að þetta stafi af þeim breytingum sem verða í lagaumhverfi á þeim tíma er snertir skattgreiðslur. Eins er ekki að finna þennan lið hjá fasteignafélaginu Eik en samkvæmt skýringum félagsins kom ekki til greiðslu á skatti vegna yfirfæranlegs skattalegs taps fyrri ára (Eik, 2014).

## Upplýsingamengun

Líkt og sést hefur í niðurstöðu kafla aðferðanna hafa skýringar aukist mikið við innleiðingu IFRS. Þá voru nokkrum almennum skýringum haldið utan við niðurstöðu kaflann þar sem um var að ræða almennar skýringar sem að áttu við í öllum tilfellum. Margar þessar skýringar

gætu talist óþarfa upplýsingar en í mörgum tilfellum einungis um skilgreiningu hugtaks að ræða. Þessar skýringar eru hér sérstaklega teknar fyrir og því velt fyrir hvort að um upplýsingamengun gæti verið að ræða.

Upplýsingamengun er skilgreind sem upplýsingar sem innihalda ófullnægjandi, ókláraðar eða óviðkomandi upplýsingar. Þessar upplýsingar eru taldar mengandi aðallega fyrir upplýsta lesendur sem að byggja ákvarðanir sínar á þeim upplýsingum sem þeir öðlast í gegnum reikningsskilin. Þessar upplýsingar falla í kringum þær upplýsingar sem skipta máli og gera upplýstum lesendum erfiðara fyrir að finna þær upplýsingar sem skipta máli. Þetta getur leitt til þess að upplýstir lesendur eyði óþarfa tíma í að staðfesta þær upplýsingar sem nú þegar hafa komið fram. Félagið sem útbýr reikningsskilin verður við ákveðnum kostnaði þar sem að tími fer í að útbúa slíkar skýringar. Þá þarf að hugsa til þess að á sama hátt er óþarfa staðfestingar vinna kostnaðarsöm fyrir lesendur reikningsskilanna (Orman, 1984). Upplýstir lesendur reikningsskilanna eru tilneyddir til þess að horfa fram hjá slíkum upplýsingum án þess að íhuga upplýsingarnar af gaumgæfni. Þessi skilgreining hefur gjarnan verið nefnd upplýsinga ofhleðsla (e. information overload) (Norman, Chervany og Dickson, 1977). Með þessar skilgreiningar til hliðsjónar voru skoðaðar skýringar ársreikninganna og metið hvort að um upplýsingamengun gæti verið að ræða.

### **Beiting IFRS í fyrsta sinn**

Nokkuð er af skýringum sem að þarf að sýna fram á þegar IFRS staðlarnir eru teknir upp í fyrsta skipti. Staðallinn IFRS 1 fjallar um innleiðingu staðlana í fyrsta skipti. Þar er að finna leiðbeiningar um þær skýringar og þau yfirlit sem félag skal birta þegar félagið skiptir um regluverk.

Þá ber fyrst að nefna að félag skal tilgreina mikilvægar reikningsskilaaðferðir sem félagið hyggst nota á komandi tímabilum. Hér eru settar fram hinar ýmsu skilgreiningar og hvernig færslum og mati þeirra er háttað. Þá þurfa félög að tilgreina hvaða regluverk félagið fylgdi áður en IFRS var tekið upp.

Síðasti hluti skýringa félagsins fara í skýringar á breytingum sem verða í ársreikningi félagsins við innleiðingu IFRS. Taka skal saman þær helstu breytingar sem orðið hafa og færa rökstuðning fyrir því hvers vegna breytingin verður. Eins skal setja upp yfirlit yfir þær matsbreytingar sem orðið hafa á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi.

Að lokum skal sýna breytingu á stöðu eigin fjár félagsins vegna innleiðingu IFRS. Þá þarf að tilgreina lokastöðu eigin fjár á lokadagsetningu fyrri reikningsskila ásamt upphafsstöðu eigin fjár eftir innleiðingu IFRS.

Auk þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd kveður IFRS á um ýmislegt fleira er kemur að þeim félögum sem notast við regluverkið. Þau atriði sem ekki komu fram hér að ofan eiga almennt við félög sem notast við IFRS en ekki aðeins þau félög sem eru að gera upp í fyrsta skipti eftir IFRS. Hér að neðan verður því farið yfir þau skilyrði sem IFRS setur er varðar skýringar (IFRS 1, 2014e).

### **Skýringar settar af IFRS**

Í staðli IAS 1 segir að félög skuli setja fram í skýringum sínum allar þær upplýsingar sem IFRS krefst en eru ekki nú þegar fram komnar. Þá segir að félög skuli setja fram staðfestingu þess að þau beiti stöðlunum í einu og öllu. Félög skulu einnig segja frá mikilvægum reikningsskilaaðferðum sem þau notast við í gerð ársreikninga (IAS 1, 2014c).

Eftir að hafa farið í gegnum ársreikninga sem notast var við í gerð þessa verkefnis kom í ljós að í ársreikningum þeirra félaga sem beittu IFRS voru margar skýringar keimlíkar milli félaganna sem að skoðuð voru í þessu verkefni. Í flestum tilvikum var um að ræða textaskýringar þar sem fjallað var um helstu hugtök reikningsskilanna og skilgreiningar á þeim með óþarfa málalengingum. Þessar skýringar spanna fyrstu blaðsíður skýringakafla ársreikningsins. Því þarf upplýstur lesandi reikningsskilanna að fara í gegnum talsvert magn upplýsinga áður en að hann kemur að mikilvægum skýringaratriðum. Telja má að mikill hluti upplýsinga sem að farið er í gegnum áður en komið er að mikilvægum skýringum séu óþarfar sem mætti auðveldlega sleppa.

Samkvæmt stöðlunum er markmið reikningsskilanna að veita fjárhags upplýsingar um félagið sem eru gagnlegar fyrir líklega fjárfesta sem og fjárfesta sem eru nú til staðar, lánadrottna og annarra skuldaeigenda við að taka ákvörðun um að útvega félaginu auðlindir sínar (IAS 1, 2014c). Líklegt þykir að þessir aðilar búi að ákveðnum fjármálagrunni. Því ætti, í flestum tilvikum, að teljast óþarfi að hafa skilgreiningar á þeim helstu hugtökum sem koma fram í reikningsskilunum.

Hér að neðan verður farið yfir þær helstu skýringar sem fram komu við gerð þessa verkefnis. Þær skýringar sem hér um ræðir eiga við þau félög sem að beita IFRS við reikningsskil sín. Rétt er þó að benda á að ekki eru allar skýringar tilgreindar sérstaklega, heldur einungis rætt

almennt um þær skýringar sem að eiga við hverju sinni. Skýringum er skipt í þrjá flokka, almennar skýringar, skýringar tengdar rekstri og skýringar tengdar efnahagi. Að lokum verða dæmi tekin til nánari útskýringa.

### **Almennar skýringar**

Í þessum flokki er að finna hinar almennu textaskýringar sem fjalla um félagið sjálft og ákvörðunartöku stjórnenda. Við yfirferð ársreikninga þátttakenda þessa verkefnis kom í ljós að slíkar skýringar voru mjög líkar milli félaga. Eftir þessa yfirferð var talið að hér væri um að ræða skýringar sem að í flestum tilvikum innhéldu upplýsingar sem eru að mörgu leyti gagnslitlar fyrir lesendur reikningsskilanna.

Vissulega er mikilvægt að ársreikningur hafi að geyma hugsanir stjórnenda er varðar mat þeirra og ákvarðanatöku. Við gerð ársreikninga þarf þó að gæta hófs varðandi umfang þeirra upplýsinga sem koma þar fram. Ársreikningar eiga að vera ítarlegir en innihald þeirra ætti þó frekar að snúast um gæði fremur en magn.

### **Rekstrarskýringar**

Í upphafi skýringakafli er einnig að finna talsvert magn textaskýringa sem snúa að rekstri félaga. Í þessu samhengi mætti nefna skýringar á borð við kostnaðarverð seldra vara, en þar er einungis sett fram hin almenna skilgreining. Þá mætti nefna hvernig tekjuskráningu félags er háttað. Þar er ávallt tekið fram að einungis eru skráðar tekjur í ársreikning sem að tilheyra rekstrarárinu. Einnig kemur hér fram staðfesting á því að félag greiði í iðgjalda tengda lífeyrissjóði þrátt fyrir að slíka skýringu megi finna í sundurliðuðum launakostnaði. Eins má finna sér textaskýringu þar sem tilgreint er að félag hafi borgað í lífeyrissjóði á árinu. Þá er að finna skilgreiningu varðandi kostnað sem fellur til síðar á nokkrum stöðum. Þar stendur að kostnaður sem fellur til vegna eigna sé gjaldfærður þegar til hans sé stofnað. En líklegt þykir að notendur reikningsskilanna geri sér grein fyrir að slíkt sé gert. Að lokum mætti nefna skýringar er varða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en þar er að öllu jöfnu að finna almennar skilgreiningar hugtakanna sem og hvernig aðferð virkra vaxta er beitt.

Fyrir flestar þessar textaskýringar er að finna hliðstæða skýringu síðar í skýringakafli þar sem mikilvægari mál eru tilgreind og jafnvel sundurliðuð. Má þar nefna útlistun fjármunatekna og fjármagnsgjalda félags á reikningsárinu. Spurningar vakna um hvort textaskýringar á borð við aðferð virkra vaxta séu nauðsynlegar.

## Efnahagsskýringar

Sammerkt með þeim skýringum sem snúa að rekstri félags má finna talsverðan fjölda textaskýringa í upphafi skýringakafla er varða efnahag félags. Meðal þess sem þar er að finna eru hinar almennu skilgreiningar birgða, viðskiptakrafna og viðskiptavildar svo dæmi séu nefnd. Þessi atriði eiga það sameiginlegt að eiga sér ítarlegri skýringar síðar í skýringakafla í formi talnaskýringa og töfluútlustunar. Einnig er tilgreint hvenær félag færir skuldbindingar sínar í efnahag sinn. Þá er tilgreint hvaða aðferð er beitt við kaup á öðrum félögum. Við þá skýringu má einnig finna skilgreiningu á hlutdeildarfélögum án þess þó að tilgreint sé hver þau hlutdeildarfélög eru. Aftarlega í skýringum má þó finna yfirlit yfir eignarhluti félagsins í öðrum félögum.

Eins og sjá má eiga slíkar inngangsskýringar sér nánari skýringar síðar í skýringakafla. Bera þessar skýringar vott af því að félög tilgreini þær einungis sökum ákvæða IFRS. Má því draga þá ályktun að slíkir undanfarar séu óþarfa málalengingar.

## Tenging viðeigandi upplýsinga

Við yfirferð ársreikninga þessa verkefnis kom í ljós að tenging upplýsinga var nokkuð ábótavant. Eins og kom fram hér að ofan voru mikið af textaskýringum sem stóðu einar og sér í skýringarkafla en nánari umfjöllun átti sér staðar mun síðar í skýringarkafla. Þessu til rökstuðnings verður hér á eftir farið yfir nokkur slík dæmi. Þau dæmi sem að tekin verða fyrir koma öll úr ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2007, er þetta gert til þess að sýna fram á alhæfingargildi.

### *Dótturfélög*

Textaskýring dótturfélaga er undirkafla skýringarinnar grundvöllur reikningsskilanna en hana er að finna á blaðsíðu 11. Þar kemur einungis fram skilgreining á hugtakinu dótturfélög. Á blaðsíðu 40 er að finna sundurliðun á eignarhlutum í dótturfélögum. Í rekstrarreikningi félagsins er hvergi vísað í skýringar varðandi dótturfélög en þar er sýnd skipting afkomu. Í útlustun á eignarhlutum er hvergi að finna útreikning sem sýnir fram á þau áhrif sem verða á rekstrarreikningi heldur einungis útlustun á félögunum. Þá ber að hafa í huga að við samstæðuuppgjör hafa félög heimild til þess að fella viðskipti við dótturfélög sín út. Þar sem að félög hafi slíka heimild vaknar upp sú spurning hvers vegna félag tilgreinir ekki í skýringum viðskipti móðurfélags við dótturfélag fyrst teknar eru fram aðrar skýringar tengdar þessu efni á annað borð. Einnig er að finna breytingu vegna dótturfélaga í sjóðstreymisyfirliti

félagsins en þar er heldur ekki vísað á neinn hátt í skýringar. Eins og sjá má er nokkur fjöldi blaðsíðna á milli skýringanna og getur því reynst flókið að leita eftir þeim upplýsingum sem viðkomandi sækist eftir.

### *Virðisrýrnun*

Virðisrýrnunarskýringar hjá Orkuveitunni er skipt í tvennt. Þá er annars vegar um að ræða textaskýringu er varðar virðisrýrnun fjáreigna á blaðsíðu 15 og hins vegar virðisrýrnun er varðar aðrar eignir en hana er að finna á blaðsíðu 16. Í þessum skýringum er fjallað um að eignirnar séu endurmetnar en hvergi kemur fram hvaða forsendur eru nýttar við slíkt mat eða hvernig slíkt mat fer fram. Á blaðsíðu 39 er að finna yfirlit yfir niðurfærslu viðskiptakrafna en er sú skýring sú eina sem tengd er við virðisrýrnun félagsins. Þessi skýring fellur undir skýringarhlutann sem snýr að áhættustýringu. Þá er hvergi annars staðar í skýringarkafli ársreikningsins minnst á virðisrýrnun. Af þessum sökum er verulega hægt að draga í efa tilgang textaskýringanna í upphafi þar sem að hvergi kemur fram sú útlistun á fjáreignum né öðrum eignum sem rædd er í upphafi.

### *Tekjuskattur*

Á blaðsíðu 17 er að finna textaskýringu þar sem skilgreint er hugtakið tekjuskattur. Þar er einnig skilgreint hvað tekjuskattshlutfall er og hvernig skal færa skatta eign. Útlistun á virku tekjuskattshlutfalli ásamt gjaldfærðum tekjuskatti eru á blaðsíðu 25. Að lokum er á blaðsíðu 31 að finna útreikning á tekjuskattsskuldbindingu eða skatta eign fyrir reikningsárið sem og árið á undan. Hér þarf því að leita á mörgum stöðum innan skýringarkafli ársreikningsins til þess að fá heildarmynd af tekjuskatti félagsins.

Eins og sjá má af ofangreindum niðurstöðum getur reynst flókið og tímafrekt að komast að þeim upplýsingum sem lesandi sækist eftir. Svipaðar niðurstöður og þessar var að finna í hinum ársreikningunum sem skoðaðir voru við gerð þessa verkefnis. Þó var tekin sú ákvörðun að fjalla einungis um einn ársreikning til þess að forðast óþarfa málalengingar (Orkuveita Reykjavíkur, 2007).


## Könnun á vegum IASB (e. international accounting standard board)

Starfsfólk á vegum IASB framkvæmdi könnun í desember 2012. Tilgangurinn með könnuninni var að fá gleggri mynd af því vandamáli sem að skapast hefur sökum upplýsingagjafar í reikningsskilum. Þátttakendur könnunarinnar voru notendur reikningsskilanna, svo sem gerendur, fjárfestar og greinendur. Þá var leitast eftir því að komast að rót vandans út frá þremur sjónarmiðum, það er ekki nægilegar viðeigandi upplýsingar, of mikið af óviðeigandi upplýsingum og slæm samskipti frá reikningsskilunum. Samtals voru þátttakendur í könnuninni 233 einstaklingar en þeir komu víða að.

### Niðurstöður könnunarinnar


Niðurstöður leiddu í ljós að stærstur hluti svarenda telja að vandamálið liggi annað hvort í ársreikningnum sjálfum eða jafnri dreifingu innan ársskýrslunnar allrar. Eins og sjá má á mynd 5 eru nær öll svör innan þessara svarmöguleika.

Mynd 5: Hvar leynist vandamálið. (IASB/Where in the annual report is the problem located?, 2013)



Svarendur voru að sama skapa sammála því að vandamálið lægi í of miklum óþarfa upplýsingum. Eins og sjá má á mynd 6 eru nær allir þátttakendur sem að svara mjög sammála eða sammála. Þetta þykir styðja vel við þær niðurstöður sem að farið hefur verið í hér að ofan.

Mynd 6: Of mikið af óþarfa upplýsingum. (IASB/Too much irrelevant information,2013)



Að lokum ber að nefna að yfir 80% svarenda voru sammála því að vandamál varðandi upplýsingaflæði væri til staðar (IASB, 2013).

Þykja þessar niðurstöður sýna fram á að vissulega sé upplýsingamengun í ársreikningum félaga sem hafa innleitt IFRS. IASB hefur oft verið talið snöggt að bregðast við því ef skortur þykir á upplýsingum í reikningsskilum en viðbrögð vegna óþarfa upplýsinga hafa verið seinleg (Sæmundur Valdimarsson, 2013).

## Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er hluti af skýringakafli ársreikninga skráðra félaga sem semja ársreikning sinn í samræmi við IFRS. Í slíku yfirliti skal sundurgreina þá starfsþætti sem félagið inniheldur og gera grein fyrir hvað hver starfsþáttur inniheldur. Í staðli IFRS 8 segir að félag skuli veita lesendum reikningsskilanna upplýsingar til þess að meta eðli og fjárhagsleg áhrif starfsþátta sem félagið tekur þátt í ásamt efnahagsumhverfinu sem félagið starfar í. Skilgreiningin á starfsþætti er hluti félagsins sem stofnar til viðskipta sem leiða til tekna og gjalda, þar á meðal tekjur og gjöld sem falla til á milli starfsþátta félagsins. Þá þarf að vera reglulegt eftirlit yfir starfsþættinum af stjórnendum félagsins sem hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnenda um dreifingu auðlinda til starfsþáttarins. Að lokum þurfa að vera til fjárhagsupplýsingar sem einungis snerta þann starfsþátt. Þá setur IFRS staðallinn ákveðinn þröskuld hvenær nauðsynlegt er að flokka starfsþátt sérstaklega. Þegar starfsþáttur einn og sér vinnur til tekna sem nema 10% eða meir af heildartekjum félagsins ber að flokka starfsþáttinn sérstaklega. Eins eru þau skilyrði til staðar að ef starfsþáttur notar einn 10% eða meira af



eignum félagsins ber félaginu að flokka starfsþáttinn sem einstakan starfsþátt (IFRS 8, 2014f).

Í íslenskum ársreikningalögum er kveðið á um starfsþætti og upplýsingagjöf vegna þeirra. Þar segir í 56. gr. að félög skuli upplýsa um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félaga. Líkt og í IFRS flokkast þetta á meðal skýringa. Eins og sjá má eru kröfurnar þó meiri innan IFRS en 56. gr. á einungis við þegar slíkir þættir hafa veruleg áhrif á rekstur félaga (*Lög um ársreikninga*).

Við skoðun ársreikninga þessa verkefnis sýndu niðurstöður fram á að starfsþáttayfirlit var einungis að finna á meðal félaga sem fylgja IFRS. Þau félög sem gera sín reikningsskil í samræmi við íslensk ársreikningalög innihéldu ekki slíkt yfirlit í neinum tilvikum. Það var þó um einstaklega fjölbreytt yfirlit að ræða meðal félaga sem skila ársreikningi í samræmi IFRS.

IFRS 8 veitir leiðbeinandi upplýsingar um það sem koma skal fram í starfsþáttayfirliti félags. Þar ber fyrst að nefna almennar upplýsingar um starfsþáttinn svo sem hvað skilgreinir þáttinn sem sérstakan starfsþátt, hvers kyns ákvarðanatataka varð til þess að þátturinn flokkast sem sérstakur starfsþáttur og hvers lags vörur eða þjónusta hlýst af starfsþættinum. Þá skulu koma fram upplýsingar um afkomu starfsþáttarins þar sem taka skal fram þær tekjur og þau gjöld sem hann varð fyrir á reikningsárinu. Eins skal greina frá þeim eignum og skuldum sem að tengjast starfsþættinum sérstaklega. Að lokum segir að ef einungis er um að ræða einn starfsþátt skal sýna í starfsþáttayfirliti þær vörur eða þjónustu sem félagið bíður upp á. Þessar upplýsingar skal þó einungis taka fram ef þær upplýsingar eru fyrir hendi innan félagsins eða ef kostnaðurinn við að afla þeirra er ekki óhóflegur. Eins bendir staðallinn á að hægt er að sýna upplýsingar um mismunandi markaðssvæði félagsins. Þar gilda sömu kröfur eins og þegar um einn starfsþátt er að ræða, að upplýsingar séu fyrir hendi eða kostnaður við öflun þeirra er ekki óhóflegur. Á slíku yfirliti væru sýndar tekjur sem koma frá innlendum markaði annars vegar og hins vegar fyrir erlendan markað. Ef tekjur frá sérstöku landi eiga stóran hlut í tekjum félagsins skal tilgreina það svæði sérstaklega. Þá ætti einnig að sýna yfirlit yfir fastafjármuni félagsins, flokkaða eftir svæðum líkt og tekjustreymið (IFRS 8, 2014f).

### **Áhættustýring**

Áhættustýring er annar hluti sem finna má í skýringakafla þeirra félaga sem gera ársreikninga sína samkvæmt IFRS. Áhættustýring veitir lesendum reikningsskila upplýsingar um áhættu og markmið félags er lúta að fjármálagerningum. Þá er hér tekin fram stefna félags varðandi

áhættu, hvernig það metur hana og hvernig félagið hyggst vinna að því að draga úr þeirri áhættu sem kann að vera.

Staðallinn IFRS 7, sem fjallar um upplýsingagjöf fjármálagerna, segir að félag skuli tilgreina í reikningsskilum yfirlit um þá áhættu sem félag býr yfir vegna fjármálagerna í lok hvers reikningsárs. Þá eru félög hvött til þess að setja fram textaskýringar í samblandi við ítarlegri töluskýringar. Í textaskýringum er fjallað almennt um áhættu og hvaða áhrif þær gætu haft á félagið. Farið er yfir stefnu og markmið félags er varða áhættustýringu sem og hvernig félag hyggst bregðast við áhættu. Í töluskýringum er farið yfir söguleg gögn sem tengd eru við metna áhættu.

Þeir áhættuþættir sem IFRS 7 fjallar um eru lánsáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta. Tekið er sérstaklega fram að þeir þrjú áhættuþættir sem staðallinn snertir á séu engan veginn tæmandi listi og er félag beðið um að setja fram alla þá áhættuþætti sem það telur að skipti máli.

Lánsáhætta (e. credit risk) er hættan á því að félag verði fyrir fjárhagslegu tapi sökum þess að aðili sem félagið lánar getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt IFRS 7 skal félag sýna í reikningsskilum sínum hvaða áhrif mesta mögulega fjárhagstap af völdum lánsáhættu myndi hafa á félag. Þá ber félagi að tilgreina þær upphæðir sem það heldur eftir sem tryggingu sem og að veita upplýsingar um lámsgæði þeirra fjáreigna sem hvorki eru fallnar á gjalddaga né virðisrýrðar.

Lausafjáraáhætta (e. liquidity risk) er hættan á því að félagið muni eiga í örðuleikum með að standa í skilum á fjárskuldum sínum. Þá segir í IFRS 7 að félag skuli setja fram yfirlit yfir fjárskuldir sínar, sem ekki eru afleiður, þar sem fram kemur bókfært verð eftirstöðva og sammingsbundið sjóðstreymi næstu ára.

Markaðsáhætta (e. market risk) er hættan á því að gangvirði muni sveiflast sökum breytinga á markaði eða í sjóðstreymi. Samkvæmt staðli IFRS 7 skal félag framkvæma næmnigreiningu í lok hvers reikningsárs á öllum þeim markaðsáhættum sem kunna að hafa áhrif. Gjaldeyrisáhætta, vaxtaáhætta og önnur verðáhætta flokkast til markaðsáhættu. Þá skal félag tilgreina forsendur og aðferðir sem það beitir við gerð slíkrar greiningar (IFRS 7, 2014c).

Við gerð þessa verkefnis kom í ljós að allir þeir þátttakendur sem notuðust við IFRS í reikningsskilum sínum settu fram í skýringum sínum yfirlit um áhættustýringu. Engin þeirra

Þátttakenda sem að gerðu ársreikning sinn samkvæmt íslenskum ársreikningalögum hafði slíkt yfirlit í skýringum sínum.

Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum er ekki gerð krafa um slíkt yfirlit. Þá segir í 66. gr. laganna að félag skuli gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu. Félag skal upplýsa um þá áhættuþætti sem metið er að gæti haft áhrif á það og gera grein fyrir því á hvaða forsendum slíkt mat byggir. Þessir þættir skulu vera teknir fram í skýrslu stjórnar en ekki er gerð krafa um ítarlega töluskýringar, yfirlit eða næmnigreiningu (*Lög um ársreikninga*).

## **Eiginfjáryfirlit**

Staðall IAS 1 fjallar meðal annars um þá þætti sem að skylda er að komi fram í ársreikningi félaga sem að beita IFRS við gerð þeirra. Þar á meðal er eiginfjáryfirlit sem að ætti að koma fram í öllum ársreikningum. Í eiginfjáryfirliti á að sýna allar þær breytingar sem verða á stöðu eigin fjár á reikningsárinu.

Í staðlinum er að finna yfirlit yfir þau atriði sem taka skal fram í eiginfjáryfirlitinu. Þar á fyrst að sýna heildar afkomu félagsins fyrir reikningsárið. Þar skal sundurliða þá upphæð sem rennur til eigenda og það sem fellur til minnihlutaeigenda í dótturfélögum (e.non-controlling interests). Fyrir hvern lið innan eigin fjár skal sýna þær breytingar sem verða í samræmi við staðal IAS 8 en hann fjallar um breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur (IAS 8, 2014j). Eins þarf að koma fram upphafsstaða í byrjun reikningsárs á hverjum lið sem og staðan í lok reikningsársins. Þá þarf að koma fram ástæður breytinga hvers liðar, hvort sem um er að ræða afkomu starfsemi félagsins, annars konar afkoma sem hefur áhrif á eigin fjár stöðu eða önnur viðskipti sem að stjórnendur stofna til. Ef um annars konar viðskipti er að ræða á að taka fram sérstaklega framlög frá eða úthlutun til eigenda sem og breytingar í eignarhlutum á dótturfélögum sem ekki hafa áhrif yfirráð (IAS 1, 2014c).

Félögum ber skylda að tilgreina sérstaklega eigin fjár yfirlit og verður það að vera eitt af megin yfirlitum í ársreikningi félags samkvæmt IFRS. Það er ólíkt því sem gildir um ársreikningalög þar sem eigin fjár yfirlit er ekki eitt megin yfirlitanna.

## Kennitölur

Í ársreikningum allra félaga sem að skoðaðir voru í þessu verkefni var að finna ýmsar kennitölur og greiningar á þeim. Almennt er ekki kveðið á um að kennitölugreining þurfi að vera í ársreikningum félaga. Þó eiga þau félög sem að gera ársreikninga sína í samræmi við IFRS og eru skráð á íslenskan hlutabréfamarkað það sameiginlegt að birta kennitölurnar hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut. Staðall IAS 33 fjallar um hagnað á hlut þar sem að fram kemur að þessar kennitölur séu skylda fyrir félög með skráð hlutabréf á markaði. Slíkar kröfur eru hvergi að finna í íslenskum ársreikningalögum.

Hagnaður á hlut er fundinn með því að deila hagnaði félagsins að frádregnum tekjuskatti á útistandandi hluti félagsins. Þynntur hagnaður á hlut er fundinn á mjög svipaðan hátt. Þá er teljarinn yfirleitt sá sami, það er hagnaður félagsins að frádregnum tekjuskatti, en hann getur þó breyst. Sem dæmi mætti nefna það að skuldabréfum er breytt í hlutabréf en þá myndu vaxtagjöld hætta að falla til. Nefnarinn inniheldur útistandandi hluti að viðbættum forgangshlutum, valréttarsamningum, ábyrgðum og öðrum umbreytingum gerninga sem myndu þá leiða til breytinga á fjölda almennra hlutabréfa í félaginu (IAS 33, 2014k).

## Lokaorð

Líkt og niðurstöður þessa verkefnis sýna fram á er verulegur munur á milli regluverkanna. Talið er að fyrir flest tilvik gefi ársreikningar sem gerðir eru í samræmi við IFRS mun gleggri mynd af stöðu viðkomandi félags. IFRS ýtir undir að félög setji fram alla vega yfirlit, útlistanir og skýringar en hver staðall inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um framsetningu á slíku. Á móti veita íslensk ársreikningalög óskýrar leiðbeiningar er varðar flokkun og framsetningu hinna ýmsu liða. Af þeim sökum má segja að IFRS gefi gleggri mynd en til að mynda setja staðlarnir mun fastari skorður er varðar eignfærsluskilyrði ýmissa eigna samanborið við íslensk ársreikningalög. Þá leggur IFRS mikið upp úr því að eignir félaga skulu færðar á gangvirði en þá er einnig að finna ýmsar leiðbeiningar við matsaðferðir á gangvirði. Íslensk ársreikningalög fjalla takmarkað um gangvirðisbreytingu hinna ýmsu eigna og skuldbindinga en svo virðist sem að félög þurfi ákveðið heimildarákvæði til þess að færa ákveðnar eignir og skuldir á gangvirði. Að sama skapi er lítið fjallað um fjármálagerninga í íslenskum ársreikningalögum en nokkrir staðlar innan IFRS fjalla um færslu og mat slíkra gerninga. Nokkra athygli vakti að í báðum regluverkum var að finna leiðbeiningar um mismunandi kostnaðarflokkun. Niðurstöður leiddu þó í ljós að IFRS virðist setja félögum

þrengri ramma er varðar slíka flokkun. Þau félög sem gera ársreikning sinn samkvæmt IFRS fylgdu kostnaðarflokkuninni til fulls en félög sem gera ársreikning sinn samkvæmt íslenskum ársreikningalögum virtust einungis nýta sér kostnaðarflokkunina að hluta til. Þó mátti sjá í niðurstöðum að einhvern sveigjanleika er að finna innan IFRS. Í þessu samhengi má nefna að ýmsar útfærslur eru leyfðar sem þó leiða til sömu niðurstöðu og þjóna sama tilgangi.

Munurinn sem varð á lengd ársreiknings eftir sitt hvoru regluverkinu kom bersýnilega í ljós í niðurstöðum þessa verkefnis. Sem dæmi má hér nefna ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur. Þar fór lengd ársreikningsins úr því að vera 18 blaðsíður í að vera 46 blaðsíður milli áranna 2006 og 2007 (Orkuveita Reykjavíkur, 2007). Að sama skapi er ársreikningurinn kominn í 50 blaðsíður árið 2014 því má áætla að lengd sé enn ört stækkandi (Orkuveita Reykjavíkur, 2014). Má stærstan þátt þessarar breytingar rekja til aukins fjölda skýringa hvort sem um ræðir textaskýringar, töfluyfirlit eða nánari útlistun einstakra liða. Sökum nánari útlistunar á efni ársreikningsins sem verður við innleiðingu IFRS má ætla að lesendur reikningsskilanna geti myndað sér sterkari skoðun á stöðu viðkomandi félags út frá slíkri upplýsingagjöf.

Þá ber að líta til misjafnra eignfærsluskilyrða sem er að finna á milli regluverka. Hér má sem dæmi nefna ójafna flokkun eigna hjá sjávarútvegsfélögunum HB Granda og Samherja. Þar eru sérstaklega flokkaðar lífrænar eignir HB Granda (HB Grandi; Samherji Ísland, 2013). Slík flokkun á rætur sínar að rekja til flokkunar og framsetningarmála IFRS og má ætla að hún gefi gleggri mynd af eignasamsetningu viðkomandi félags. Félag þurfa þó að horfa til þess hvort að stærðir slíkra eigna hafi teljanleg áhrif á reikningsskilin eða teljist óverulegar stærðir. Við slíka flokkun ætti því að hafa í huga að ábatinn sem hlýst af ætti að verða meiri en kostnaðurinn sem fylgir slíkri sundurliðun.

Augljóst var á niðurstöðum verkefnisins að sá munur sem var hvað stærstur á milli regluverka er hvernig staðið er að framsetningu á stöðu helstu liða innan efnahagsreiknings. Við heimildaöflun þessa verkefnis kom fram að rauður þráður í IFRS er sá að staðlarnir geri þá kröfu að margt sé fært til gangvirðis. Þá veita hinir ýmsu staðlar leiðbeiningar um færslur á breytingu gangvirðis og hvernig eigi að meta gangvirði. Þau félög sem að gera ársreikning sinn samkvæmt íslenskum ársreikningalögum og voru í úrtaki þessa verkefnis höfðu það sammerkt að hvergi mátti sjá gangvirði eða matsbreytingu í efnahagi þeirra. Gangvirði og matsbreytingar mátti þó finna í ársreikningum þeirra félaga sem að gera ársreikninga sína í samræmi við IFRS. Sem dæmi má nefna fasteignafélögin Eik og Reginn en þar er einnig að finna misjafnar matsaðferðir á fjárfestingaeignum félaganna (Eik; Reginn, 2014).

Við heimildavinnu kom í ljós að nokkurn sveigjanleika er að finna við slíkar matsaðferðir en fer það eftir eðli þeirra eigna sem um ræðir. Talsvert magn upplýsinga er að finna í IFRS um mismunandi matsaðferðir og ætti í flest öllum tilvikum að finna aðferð sem á við hverju sinni. Þó svo að IFRS skyldi félög til þess að færa á gangvirði er þó umhugsunarvert hvernig ákvörðun slíks mats sé háttað. Svo virðist sem að ákvörðun byggist að stórum hluta á huglægu mati stjórnenda. Því ætti að taka liði sem byggja á jafn mikilli óvissu og raun ber vitni með ákveðnum fyrirvara.

Í IFRS er mikil áhersla lögð á flokkun rekstrarkostnaðar en þar eru tvær ríkjandi kostnaðarflokkunaraðferðir sem eru leyfðar. Líkt og kom fram í niðurstöðunum, til dæmis hjá olúfélögunum N1 og Olís, er þó mikill munur á áherslunni sem lögð er á flokkunina eftir regluverkum (N1; Olíuverzlun Íslands, 2013). Má þar nefna að félög sem að gera ársreikning sinn í samræmi við íslensk ársreikningalög virðast vera heimilt að fylgja flokkuninni aðeins að hluta til. Á móti kemur að félög sem að gera ársreikning sinn í samræmi við IFRS fylgja viðkomandi flokkun að öllu leyti.

Að lokum má nefna að þó svo að formfastari reglur virðast gilda innan IFRS virðist sveigjanleiki vera innan staðlanna. IFRS býður upp á misjafnar framsetningar sem félög geta valið sér eftir því sem að hentar þeim betur. Líkt og kom í ljós í niðurstöðukafla virtust félög sem að störfuðu í sömu atvinnugrein geta sett fram ólíka ársreikninga. Sem dæmi má nefna fjarskiptafélögin Fjarskipti og Skipti setja fram ýmsa efnahagsliði á ólíkan máta (Fjarskipti; Skipti, 2014). Þykja þær niðurstöður styðja við þá kenningu að ákveðið svigrúm sé til staðar í IFRS.

Líkt og áður hefur komið fram má telja að ársreikningar sem gerðir eru í samræmi við IFRS gefa gleggri mynd af stöðu félaga. Þó ber að nefna að upplýsingamengun sem að fylgir skýringahluta ársreikninga gerir lesendum erfiðara fyrir að fá heildstæða mynd. Farið var yfir þá upplýsingamengun sem kann að myndast hér að ofan þar sem að farið var yfir nokkur atriði sem telja má óþörf eða illa skipulögð. Niðurstöður þess kafla leiddu í ljós að um upplýsingamengun væri almennt að ræða í ársreikningum gerðum í samræmi við IFRS. Að gefnu tilefni er rétt að benda hér á að samkvæmt IAS 1 þurfa félög ekki að birta upplýsingar þó svo að aðrir staðlar kveði á um slíkt, telji félagið þær ekki mikilvægar. (IAS 1, 2014c)

Af ofangreindum niðurstöðum er lagt það mat að ársreikningur sem gerður er í samræmi við IFRS gefi notendum reikningsskilanna gleggri mynd af stöðu viðkomandi félags. Þó ber að hafa í huga að flóknara getur reynst notendum að lesa úr þeim upplýsingum sem gefnar eru í

þeim ársreikningum sem gerðir eru í samræmi við IFRS. Á móti kemur að ársreikningar sem gerðir eru í samræmi við íslensk ársreikningalög innihalda ekki nægilega greinargóðar upplýsingar sem leiðir til þess að erfitt getur reynst notendum að mynda sjálfstæðar skoðanir á stöðu félagsins. Líkt og minnst var á hér að ofan ber félögum ekki skylda til þess að tilgreina allar þær skýringar sem að IFRS segir til um, telji félagið þær ekki mikilvægar. Telst því líklegt að ársreikningar samkvæmt IFRS gætu orðið enn skilvirkari, notendavænni og vandamálið sem snýr að upplýsingamengun yrði leyst ef að félög myndu einungis taka fram þær upplýsingar sem að nauðsynlegar teljast. Það mætti í flest öllum tilvikum endurskoða þær skýringar sem að teknar eru fram og lágmarka óþarfa málalengingar.

Þrátt fyrir að niðurstöður leiði það í ljós að IFRS gefi gleggri mynd á stöðu félaga þykir þó rétt að benda á það að gerð ársreikninga í samræmi við IFRS þykir ekki alltaf hagkvæmasta reikningsskilaaðferðin. Það að fylgja IFRS getur reynst kostnaðarsamt og þarf stöðugt að meta kostnaðinn á mót við þann ábata sem hlýst af innleiðingunni. Þau félög sem að tekin voru fyrir í þessu verkefni eru öll af slíkri stærðargráðu að þau gætu verið skráð á markað. Sökum þessa telst IFRS henta betur fyrir alla þátttakendurna í þessu verkefni. Fyrir önnur félög sem að starfa á Íslandi gætu íslensk ársreikningalög átt mun betur við. Þá þarf jafnt að horfa til þess kostnaðar sem að fylgir innleiðingunni sem og þeim áhuga sem er á ársreikningum slíkra félaga. Telja má að ársreikningar smærri félaga séu ekki lesnir af mörgum aðilum og því mögulega ónauðsynlegt að fara í mikla greiningarvinnu fyrir reikningsskilin. Af þessu er talið að smærri félög á Íslandi ættu að gera ársreikninga sína í samræmi við íslensk ársreikningalög. Stærri félög, þar sem notendur reikningsskilanna eru fleiri og frekari greiningarvinna á þeim á sér stað, ættu að gera ársreikninga sína í samræmi við IFRS.

## Heimildaskrá

- Armstrong, C. S., Barth, M. E., Jagolinzer, A. D., og Riedl, E. J. (2010). Market reaction to the adoption of IFRS in Europe. *Accounting Review*, 85(1), 31-61.
- Chervany, N. L., & Dickson, G. W. (1974). An experimental evaluation of information overload in a production environment. *Management Science*, 20(10), 1335-1344.
- Davidson, S. (2005). *International financial reporting standards: Pros and cons for investors*. Chicago: Davidson, S. Sótt 19. desember 2014 af <http://up.mihanhamkar.com/uploads/International-Financial-Reporting-Standards-IFRS-.pdf>
- Eik hf. (2014). *Ársreikningur samstæðu*. Sótt 5. apríl 2015 af <http://www.eik.is/files/2015-Arsreikningur-2014.pdf>
- Eik fer í Kauphöllina 29. apríl. (2015, 21. apríl). *Mbl.is*. Sótt 21. apríl 2015 af [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/04/21/eik\\_fer\\_i\\_kauphollina\\_29\\_april/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/04/21/eik_fer_i_kauphollina_29_april/)
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2004). *Reglur um gerð yfirlits um sjóðstreymi*. Reykjavík: Höfundur
- Fiskeldi Samherji. (2015). *Samherji*. Sótt 5. apríl 2015 af <http://www.samherji.is/is/innlend-starfsemi/fiskeldi>
- Fjarskipti hf. (2014). *Ársreikningur samstæðunnar 2014*. Sótt 1. febrúar 2015 af <https://www.vodafone.is/pdf/vodafone/2014-4F-Arsreikningur.pdf>
- HB Grandi hf. (2013). *Ársskýrsla 2013*. Sótt 10. febrúar 2015 af <http://www.hbgrandi.is/library/Sidumyndir---skjol/Financial-Information/Fjarmal/arsskyrslur/%C3%81rssk%C3%BDrsla%202013.pdf>
- IFRS Foundation. (2014). *Preface to international financial reporting standards*. Sótt 17. desember 2014 af [http://eifrs.ifrs.org/eifrs/bnstandards/en/2014/preface\\_to\\_ifrs\\_unaccompanied.pdf](http://eifrs.ifrs.org/eifrs/bnstandards/en/2014/preface_to_ifrs_unaccompanied.pdf)
- Index mundi. (2015). Aluminium monthly price – Iceland króna per metric tonn. *Index mundi* [graf]. Sótt 26. apríl 2015 af



<http://www.indexmundi.com/commodities/?commodity=aluminum&months=120&currency=isk>

International Accounting Standards. (2007a) *IAS 38 Óefnislegar eignir*. London:

International accounting standards board – IASB

International Accounting Standards. (2007b) *IAS 39 Fjármálagerningar: Færsla og mat*.

London: International accounting standards board – IASB

International Accounting Standards. (2007c) *IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum*.

London: International accounting standards board – IASB

International Accounting Standards. (2014a) *IAS 39 Fjármálagerningar: Færsla og mat*.

London: IASB

International Accounting Standards. (2014b) *IAS 38 Óefnislegar eignir*. London:

International accounting standards board – IASB

International Accounting Standards. (2014c) *IAS 1 Framsetning reikningsskila*. London:

IASB

International Accounting Standards. (2014d) *IAS 24 Upplýsingar um tengda aðila*. London:

IASB

International Accounting Standards. (2014e) *IAS 36 Virðisrymnun eigna*. London: IASB

International Accounting Standards. (2014f) *IAS 41 Landbúnaður*. London: IASB

International Accounting Standards. (2014g) *IAS 40 Fjárfestingareignir*. London: IASB

International Accounting Standards. (2014h) *IAS 16 Varanlegir rekstrarfjármunir*. London:

IASB

International Accounting Standards. (2014i) *IAS 7 Yfirlit um sjóðstreymi*. London: IASB

International Accounting Standards. (2014j) *IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. London: IASB

International Accounting Standards. (2014k) *IAS 33 Hagnaður á hlut*. London: IASB

- International Accounting Standards Board. (2013). *Discussion forum – financial reporting disclosure feedback statement*. Sótt 2. apríl 2015 af <http://www.ifrs.org/Alerts/PressRelease/Documents/2013/Feedback-Statement-Discussion-Forum-Financial-Reporting-Disclosure-May-2013.pdf>
- International Accounting Standards Board. (2014). *International Financial Reporting Standards*. Sótt 25. apríl 2015 af <http://eifrs.ifrs.org/eifrs/Menu?ref=f345cd8a>
- International Financial Reporting Standards. (2014a) *IFRS 13 Gangvirðismat*. London: IASB
- International Financial Reporting Standards. (2014b) *IFRS 5 Fastafjármunir sem að haldið er til sölu og aflögð starfsemi*. London: IASB
- International Financial Reporting Standards. (2014c) *IFRS 7 Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf*. London: IASB
- International Financial Reporting Standards. (2014d) *IFRS 3 Sameining fyrirtækja*. London: IASB
- International Financial Reporting Standards. (2014e) *IFRS 1 Innleiðing alþjóðlegra reikningskilastaðla*. London: IASB
- International Financial Reporting Standards. (2014f) *IFRS 8 Starfsþættir*. London: IASB
- Kieso, D. E., Weygandt, J. J. og Warfield, T. D. (2007). *Intermediate accounting*. New Jersey, John Wiley & Sons.
- Lög um ársreikninga* nr. 3/2006 með áorðnum breytingum 108/2006, 106/2006, 171/2007, 80/2008, 88/2008, 162/2008, 98/2009, 68/2010, 82/2011, 118/2011, 126/2011 og 14/2013
- Lög um skattskyldu orkufyrirtækja* nr. 50/2005 með áorðnum breytingum 136/2009 og 126/2011
- Málsóknarfélag. (2015). *Málsóknarfélag*. Sótt 15. apríl 2015 af <http://malsoknarfelag.is/>
- N1 hf. (2013). *Ársskýrsla 2013*. Sótt 18. apríl 2015 af <http://www.framtakssjodur.is/wp-content/uploads/2014/02/%C3%81rssk%C3%BDrsla-N1-2013.pdf>

- NASDAQ OMX ICELAND HF. (2013). *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*.  
Reykjavík: Höfundur
- Olíuverzlun Íslands ehf. (2013). *Ársreikningur samstæðunnar 2013*. Reykjavík: Höfundur
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2004). *Ársskýrsla 2004*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla\\_2004.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla_2004.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2005). *Ársskýrsla 2005*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla\\_2005.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla_2005.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2006). *Ársskýrsla 2006*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla\\_2006.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsskyrsla_2006.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2007). *Ársreikningur 2007*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur\\_orkuveitu\\_reykjavikur\\_2007.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur_orkuveitu_reykjavikur_2007.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2008). *Ársreikningur 2008*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita\\_reykjavikur\\_samstaeda\\_2008.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita_reykjavikur_samstaeda_2008.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2009). *Ársreikningur 2009*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur\\_orkuveitu\\_reykjavikur\\_2009.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur_orkuveitu_reykjavikur_2009.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2010). *Ársreikningur 2010*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/ork\\_53492\\_arsreikningur\\_or\\_2010.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/ork_53492_arsreikningur_or_2010.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2011). *Ársreikningur 2011*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita\\_reykjavikur\\_samstaeda\\_31\\_12\\_2011.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita_reykjavikur_samstaeda_31_12_2011.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2012). *Ársreikningur 2012*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita\\_reykjavikur\\_samstaedu\\_arsreikningur\\_2012.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/orkuveita_reykjavikur_samstaedu_arsreikningur_2012.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2013). *Ársreikningur 2013*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur\\_orkuveitu\\_reykjavikur\\_2013.pdf](https://www.or.is/sites/default/files/arsreikningur_orkuveitu_reykjavikur_2013.pdf)
- Orkuveita Reykjavíkur ehf. (2014). *Ársreikningur 2014*. Sótt 3. mars 2015 af  
[https://www.or.is/sites/or.is/files/arsreikningur\\_2014.pdf](https://www.or.is/sites/or.is/files/arsreikningur_2014.pdf)

Orman, L. (1984). Fighting information pollution with decision support systems. *Journal Of Management Information Systems*, 1(2), 64-71.

*Reglugerð um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla nr. 1606/2002*

Reginn hf. (2014). *Ársreikningur samstæðunnar 2014*. Sótt 5. febrúar 2015 af <http://www.reginn.is/media/annad/Reginn-hf.---arsreikningur-2014---undirritadur.pdf>

Ríkisskattstjóri. (2013). Félög með alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í *Ríkisskattstjóri – Ársreikningaskrá*. Sótt 25. apríl 2015 af <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/felog-med-althjodlega-reikningsskilastadla/2013>

Samherji Ísland ehf. (2013). *Ársreikningur 2013*. Akureyri: Höfundur

Skipti hf. (2014). *Ársreikningur samstæðu 2014*. Sótt 1. febrúar 2015 af <http://www.skipti.is/servlet/file/store4/item37041/version1/Skipti%2031%2012%202014.pdf>

Sigurður Þórðarson. (e.d.) Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla á Íslandi. *Ríkisendurskoðun*. Sótt 7. apríl 2015 af <http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/reikningsskilastadlar-erindi-sth.pdf>

Stefán E. Stefánsson. (2015, 26. mars). Milljón fermetra fasteignafélög skráð í Kauphöllinni. *Mbl.is*. Sótt 26. mars 2015 af [http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/03/26/milljon\\_fermetra\\_fasteignafelog/](http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/03/26/milljon_fermetra_fasteignafelog/)

Sæmundur Valdimarsson. (september, 2013). *Upplýsingamengun*. Fyrirlestur á Reikningsskiladegi FLE, Reykjavík.

Wild, J. J., Subramanyam, K. R. og Halsey, R. F. (2007). *Financial statement analysis*. New York, The McGraw-Hill Companies.